

FRÉTTABLAÐIÐ

AÐFANGADAGUR 24. desember 2012 | 302. tölublað 12. árgangur | Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

SÉRBLAÐ

Fólk



JÓLASAGAN 18



FISKUR Á
AÐFANGADAGSKVÖLD 20

DEKUR
Gjafakort

Keyptu á heimasíðunni
og prentaðu út.
www.badhusid.is

Gleðileg jól

Drifhvít mjöllin skapar friðsæld er hún breiðir mjúka og þykka voð yfir hús og tré á mynd Þóris Ó. Tryggvasonar, málarameistara á Akureyri, sem sigrar í jólamyndakeppni Fréttablaðsins í ár. Eins og sjá má er klukkan tuttugu mínútur gengin í sex og auðvelt að ímynda sér að brátt heyrst kirkjuklukkan í fjarska hringja inn heilög jól. ► 16

LYFJA
- Lífið heil

Við höfum
opið um jólin

Gleðilega jólahátíð

Opið aðfangadag:
kl. 8-18 í Lágmúla
kl. 8-18 á Smáratorgi

Opið jóladag:
kl. 10-1 í Lágmúla
kl. 9-24 á Smáratorgi



www.lyfja.is



STEINUNN KETILSDÓTTIR

já elskan

Nýtt íslenskt dansverk sýnt
í Kassarum, Þjóðleikhúsinu.

FRUMSÝNING 28. DES.
30. DES. 5. JAN. 6. JAN.
9. JAN. & 10. JAN.

JAELSKAN.IS / LEIKHUSID.IS

SPURNING DAGSINS



Kertasníkir, ert þú eitthvað merkilegri en aðrir af því að þú kemur síðastur?

„Já, mamma segir að ég sé algert merkikerti.“

Kertasníkir Leppalúðason, jólasveinn og sérlegur áhugamaður um kerti, kom síðastur bræðranna til byggða í nótt.

Íslensk erfðagreining verður rekin með óbreyttu sniði hér á landi eftir kaup Amgen:

Hannes veitti ráðgjöf við söluna á ÍE

VIÐSKIPTI Hannes Smárason, fyrrum forstjóri FL Group og aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, veitti Íslenskri erfðagreiningu ráðgjöf við sölufélagið fyrirtækisins til bandaríska lyfja- og líftæknifyrirtækisins Amgen.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýjasta þætti Klinksins, viðtalsþætti um efnahags- og þjóðfélagsmál, á Vísi þar sem rætt er við Kára Stefánsson, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar.



KÁRI STEFÁNSSON

HANNES SMÁRASON

Í þættinum kemur fram að viðræður um kaup Amgen á Íslenskri erfðagreiningu hafi hafist í kjölfar viðræðna um samstarf fyrirtækjanna tveggja í tengslum við verkefni um hjartabilanir.

Þá segir Kári að Íslensk erfðagreining hafi fengið þau fyrirmæli frá Amgen í kjölfar kaupanna að halda áfram vísindastarfi sínu með óbreyttu sniði en fyrirtækið verður rekið sem sjálfstæð eining innan Amgen.

Gengið var frá kaupunum hinn 10. desember síðastliðinn en Amgen greiddi 415 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi um 53 milljarða króna, fyrir Íslenska erfðagreiningu. Þá segir Kári að hann hafi átt sáralítinn hlut í fyrirtækinu en komið ágætlega út úr kaupunum fjárhagslega. - mþl

visir.is

Viðtalsþáttinn Klinkið má sjá í heild sinni á Vísi.is



YS OG PYS Það var margt um manninn á Skólavörðustíg og Laugavegi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veðurskilyrðin voru góð fyrir jólainnkaup:

„Allt of margt fólk í bænum“

VERSLUN „Veðrið gæti ekki verið betra fyrir Þorlákssmessu,“ sagði Hörður Ágústsson í Maclandi við Klapparstíg, þegar haft var samband við hann í gær. „Það er búið að vera mjög gaman síðustu dagana.“

Spurður hvernig traffíkin hafi verið svaraði hann: „Það er náttúrulega búið að vera alveg gjörsamlega sturlað að gera.“

Stemningin hefur einnig verið góð í jólaósinni og margt fólk í bænum. Svo margt raunar að Hörður segist hafa óskað þess að Laugaveginum væri breytt í göngugötu á meðan mest væri um gangandi vegfarendur. „Það er bara allt of margt fólk í bænum og það þarf að gefa því meira pláss heldur en bílunum.“ - bph

Líknarmál

Fær göngupjálfunartæki

MS-félagi Íslands hefur verið færður að gjöf göngulyftubúnaður til göngupjálfunar þeirra sem kljást við MS-sjúkdóminn. Það er byggingafyrirtækið Sveinbjörn Sigurðsson hf. sem gefur í tilefni af 70 ára afmæli fyrirtækisins.

ENDURVINNSLA

Jólapappír í bláu tunnuna

Pappírinn utan af jólapökkunum má endurvinna og geta þeir sem eru með bláa endurvinnslutunnu fyrir pappír sett pappírinn beint í tunnuna, að því er segir á vef Reykjavíkurborgar. Þar er þó tekið fram að sterkrauðan pappír eigi ekki að setja í endurvinnslu.



Matthíasar Mána enn leitað: **Strokufanginn enn ófundinn**

LÖGREGLUMÁL Matthíasar Mána Erlingssonar sem strauk af Litla-Hrauni hefur nú verið leitað í heila viku en lögreglan hefur fáar vísbendingar fundið.

Komið hefur í ljós að Matthías hóttaði konunni sem hann réðst á símleiðis áður en hann strauk 17. desember. Konan hefur flúið land með börn sín. Matthías hlaut fimm ára dóm fyrir árásina.

Ábendingar hafa borist lögreglunni um fólk sem gæti þekkt Matthías og hefur verið reynt að hafa upp á því fólk. Sem fyrr óskar lögreglan eftir upplýsingum um málið í síma 444-1000. - bph

Facebook-lokanir á Nesinu og Reykjanesi

Seltjarnarnes og Reykjanes hafa haft lokað fyrir Facebook-aðgang starfsmanna í nokkur ár. Umræður um að endurskoða bannið innan beggja bæjanna. Einnig lokað fyrir Myspace og Youtube á Seltjarnarnesi. Einstaka undantekningar gerðar.

TÆKNI Reykjanesbær og Seltjarnarnesbær eru meðal þeirra bæjarfélaga sem hafa lokað fyrir Facebook á tölvum bæjarstarfsmanna. Ekki hefur verið opið inn á síðuna í nokkur ár í bæjunum tveimur.

Guðrún Þorsteinsdóttir, starfsþróunarstjóri hjá Reykjanesbæ, segir aðganginum hafa verið lokað að beiðni stjórnenda í stofnunum innan bæjarins, meðal annars vegna kostnaðar við niðurhal.

„Þá var þessi ákvörðun tekin, en það eru gerðar undantekningar,“ segir hún. „Ég get ekki svarað fyrir það hvort þetta hafi tekið mikinn tíma frá starfsmönnum, en stjórnendur fögnuðu því þegar þessu var lokað, enda óskuðu þeir sjálfir eftir því.“

Guðrún segir að alltaf sé verið að ræða hvort opna eigi fyrir Facebook-aðgang að nýju, en engar ákvarðanir hafi verið teknar.


Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, segir að lokað hafi verið alla hennar bæjarstjórnartíð og fyrir þann tíma. „Það hefur alltaf verið mín stefna að hafa lokað fyrir Facebook, Myspace og Youtube,“ segir Ásgerður. „Til að opna fyrir það þarf bæjarstjórn að fara yfir málið, móta stefnu og setja sérstakar reglur og viðmið.“

Nú vilja skólastjórar og fræðslustjórar innan bæjarins opna aðgang fyrir nemendur og kennara grunnskóla. Að sögn Ásgerðar eru fræðslustjórar nú að safna upplýsingum um málið til að kynna fyrir bæjarstjórn.

„Starfsmenn hafa aldrei verið með þetta opið. Síðan hafa skoðanir og tölfræði sýnt það að fólk er að eyða mismiklum tíma í þetta,“ segir hún.

Bæði Seltjarnarnesbær og Reykjanesbær eru með skráðar Facebook-síður, en ekki hefur verið mikil virkni hjá þeim fyrrnefnda undanfarin misseri. Undantekningar eru gerðar fyrir starfsmenn Reykjanesbæjar sem sjá um síðuna.

sunna@frettabladid.is



MÁ EKKI Í VINNUMNI Lokað hefur verið fyrir Facebook hjá starfsmönnum bæjarfélaga í nokkur ár, en nú standa yfir viðræður um hvort kominn sé tími til að endurskoða bannið. NORDICPHOTOS/GETTY

Nauðsynlegt til að ná til krakkanna

Félagsmiðstöðin Selið á Seltjarnarnesi er eini staðurinn þar sem undantekning er gerð varðandi opinn aðgang. Þar eru tveir starfsmenn og er Ari Sigurjónsson annar þeirra.

„Það var lokað á okkur á tímabili í síðustu viku því það kom einhvers konar þverlokun á bæinn,“ segir hann. „En við hringdum og létum opna fyrir þetta aftur. Facebook er eitt sterkasta verkfærið sem við höfum til að ná til krakkanna.“



PEKKIRÐU DÆMI? Sendu línu á meira@frettabladid.is.

Júlíus Valsson læknir varð hlutskarpastur í jólasögukeppni Fréttablaðsins: **Tófan bar sigur úr býtum**

Smásagan Tófan eftir Júlíus Valsson læknir bar sigur úr býtum í jólasögusamkeppni Fréttablaðsins sem efnt var til í fyrsta sinn í ár. Yfir 250 sögur bárust í keppnina og hafði dómnefnd því úr nógu að móða.

Þrjár sögur urðu að endingu fyrir valinu. Í þriðja sæti var sagan Hvít jól eftir Sif Sigmarsdóttur, í öðru sæti sagan Fjórðús eftir Steinunni Guðmundsdóttur og sem fyrr segir var sagan Tófan eftir Júlíus Valsson í fyrsta sæti.

Júlíus er læknir en hefur fengið við ritstörf um langt skeið. Hann á meðal annars sögu í smásagnasafni sem kom út á rafbók á vefnum Rithirings.is á dögunum og ætlar að gefa út eigið smásagnakver í vor. Tófuna samdi Júlíus sérstaklega fyrir keppnina en

segir hugmyndina að baki henni hafa blundað með sér um skeið. „Ég er sjálfur veiðimaður og persónurnar eru gamlir kunningjar ef svo má segja.“ Hann segir það sér mikils virði að hafa sigrað í keppninni. „Þetta er heilmikil hvatning og lyftistöng.“

Júlíus fékk í verðlaun Intel Pentium-fartölvu frá Toshiba, en Steinunn og Sif fengu spjaldtölvur af gerðinni United í boði Tölvulistans.

Í dómnefnd sátu Steinunn Stefánsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson og Arndís Þórarinsdóttir. Um söguna sem hreppti hnossid segja þau. „Tófan er haganlega skrifuð saga. Hún er kannski ekki hefðbundin jólasaga, í það minnsta framan af, en boðskapur hennar er sígildur.“

- bs / Jólasagan Tófan er á síðu 18.



JÚLÍUS VALSSON Segir það heilmikla hvatningu og lyftistöng að hafa sigrað í keppninni. Hann hyggur á útgáfu smásagnasafns í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

EPSON

EPSON SKJÁVARPAR FRÁ 79.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

*Vid óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs*
Starfsfólk Toyota



GENGIÐ
21.12.2012

	Bandaríkjadalur	USD	126,03
	Sterlingspund	204,82	205,82
	Evra	166,54	167,48
	Dönsk króna	22,319	22,449
	Norsk króna	22,626	22,76
	Sænsk króna	19,333	19,447
	Japanskt jen	1,4976	1,5064
	SDR	194,41	195,57

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,8443

Ný lögjöf um matvæli hindrar ekki þjóðlega matvælagarð á Íslandi: Ekkert í vegi fyrir vinnslu á hákarli

MATVÆLI Matvælastofnun sá ástæðu til að slá á áhyggjur matgæðinga á heimasíðu sinni og tekur af allan vafa um að þjóðlegar aðferðir við að vinna hákarl standa óhaggaðar þrátt fyrir breytingar á matvælalöggjöfni.

Í nýrri lögjöf um matvæli á Evrópska efnahagssvæðinu er þess gætt að sveigjanleiki sé til staðar varðandi framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla og að lögjöf-in dragi ekki úr fjölbreytileika í evrópskri matargerð og hefðum.

Sveigjanleiki í lögjöfni er sérstaklega mikilvægur varðandi framleiðslu á matvælum samkvæmt gamalgrónum hefðum og aðferðum. Vinnsla á hákarli er ein slíkra aðferða sem byggja á sögulegri hefð. Stefnir er að því að reglur um hefðbundna framleiðslu verði gefnar út á komandi ári.

Því hafa ekki verið gerðar neinar breytingar á heimildum framleiðenda til að setja á markað hákarl sem unninn hefur verið á hefðbundinn hátt.



ÞJÓÐLEGT Sigurður Hólm og nafni hans Tómasson gera sig líklega til að skera hákarl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gleðitíðindi frá Svíþjóð: Madeleine í hnapphelduna

SVÍÞJÓÐ Sænska konungsfjölskyldan færði sænsku þjóðinni gleðitíðindi í gær þegar hún tilkynnti að Madeleine prinsessa og unnusti hennar, Christopher O'Neill, ætli að gifta sig í júní.

Talsmaður konungsfjölskyldunnar segir að brúðkaupið verði ekki eins íburðarmikið og brúðkaup eldri systurinnar, Viktoríu.

O'Neill er bresk-bandarískur bankastjóri en hjúin kynntust í New York í fyrra og trúlofuðu sig í október síðastliðnum.

Nýjum bílum fjölga: Um 7.800 nýir bílar á árinu

BÍLAR Tæplega 7.800 fólksbílar hafa verið nýskráðir hér á landi á þessu ári samkvæmt tölum Umferðarstofu. Þetta er veruleg aukning miðað við tvö síðustu ár en í fyrra voru rétt rúmlega 5.000 bílar nýskráðir og um 3.000 árið 2010.



Bílamarkaðurinn hefur smám saman verið að taka við sér eftir bankahrun.

Hápunktinum var náð árið 2007 þegar um sextán þúsund bílar voru nýskráðir en árið 2009 voru þeir rétt um 2.200.

4% ökumanna stungu af: 55 vegfarendur orðið fyrir bíl

LÖGREGLUMÁL Ekið hefur verið á að minnsta kosti 55 gangandi vegfarendur það sem af er ári á höfuðborgarsvæðinu. Þeim slysum sem hafa átt sér stað á nóttunni hefur fjölgað. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Á síðustu fjórum árum hafa flest slys, þar sem ekið er á gangandi vegfarendur, orðið yfir vetrarmánuðina.

Í langflestum tilvikum eða 84% var ekið á gangandi vegfarendur þegar þeir voru á umferðargötu en aðeins í 7% tilvika á fólk sem var að fara yfir gangbraut.

Í um 4% tilvika óku ökumenn burt af vettvangi slyssins.



MONTI OG BERSANI Mario Monti til vinstri og Pier Luigi Bersani, formaður hins vinstri sinnaða Lýðræðisflokks, sem er talinn líklegasti eftirmaður Monti sem forsætisráðherra Ítalíu. MYNDIR/AP OG AFP/NORDICPHOTOS



Monti ekki fram en til í að halda áfram

Mario Monti, forsætisráðherra Ítalíu, batt í gær enda á vangaveltur um að hann myndi leiða bandalag miðflokka í þingkosningum þar í landi í febrúar. Monti segist reiðubúinn til að halda áfram sem forsætisráðherra en hyggst ekki fara í framboð.

RÓM, AP Mario Monti, sem leitt hefur sérfræðingaríkisstjórn á Ítalíu í rúm ár, mun ekki bjóða sig fram í þingkosningunum þar í landi í febrúar þrátt fyrir hvatningu til þess. Monti er þó reiðubúinn til að gegna starfi sínu áfram falist sigurvegarar kosninganna eftir því og séu þeir tilbúnir til að styðja þá stefnu sem ríkisstjórn Monti hefur markað.

Monti hélt blaðamannafund í gær þar sem hann opinberaði fyrirætlanir sínar. Sagðist hann ekki geta boðið sig fram í komandi kosningum þar sem hann stýddi engan stjórnmalaflokka landsins.

Silvio Berlusconi, forveri Monti og leiðtogi hægri flokksins Forza Italia, hafði boðið Monti að vera forsætisráðherraefni flokksins í kosningunum í febrúar. Á blaða-

mannafundinum í gær sagðist Monti hins vegar furða sig á boðinu þar sem flokkur Berlusconi hefði verið mjög gagnrýnn á aðgerðir ríkisstjórnar sinnar.

Með tilkynningunni batt Monti enda á margra vikna vangaveltur um fyrirætlanir sínar. Hafði hann víða fengið hvatningu til þess að bjóða sig fram og hafði viðskiptajöfurinn Luca Cordero di Montezemolo, stjórnarformaður Ferrari, stofnað miðjusinnaða stjórnmalahreyfingu sem hann vonaðist til að Monti féllist á að leiða.

Ríkisstjórn Monti tók við völdum í nóvember 2011 þegar síðasta stjórn Berlusconi hrökklaðist frá völdum. Stjórninni var falið það verkefni að rétta af efnahag Ítalíu og endurreisa trúverðuleika landsins í augum fjármálamark-

aða. Ríkisstjórnin þykir almennt hafa staðið sig vel þótt vinsældir hennar hafi dvínað eftir því sem liðið hefur á starfstíma hennar. Á sama tíma hafa flokkarnir á ítalska þinginu orðið tregari til að samþykka stefnu stjórnarinnar.

Ríkisstjórn Monti ákvað að fara frá á dögunum þegar flokkur Berlusconi hætti að styðja stjórnina en áður naut hún stuðnings allra helstu flokka ítalska þingsins. Stjórnin ákvað þó að klára að koma fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár í gegnum þingið áður en boðað var til kosninganna í febrúar.

Samkvæmt skoðanakönnunum nýtur hinn vinstri sinnaði Lýðræðisflokkur mest fylgis og er leiðtogi hans, Pier Luigi Bersani, líklegastur til að taka við af Monti.

magnusl@frettabladid.is



BÓKSALA Það var nóg að gera í bókabúð Máls og menningar við Laugaveg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinsælustu bækurnar fara í um 20 þúsund eintök: Bóksala fór hægt af stað

MENNING „Eftir hæga byrjun virðist bóksala hafa verið líflæg síðustu tvær vikur,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda. „Mér skilst á stærri forlögnum að þau séu mjög ánægð með sinn hlut. Sérstaklega hafa skáldsögurnar verið að taka mjög við sér undanfarið.“

Að sögn Kristjáns hafa vinsælustu bækurnar verið að seljast í um 15-20 þúsund eintökum og einhverjar þar yfir, þar á meðal Arnaldur Indriðason, Yrsa Sigurðardóttir og Matreiðslubók Disney.

Kristján segir erfitt að skjóta á hvort bóksala sé á pari við síðustu ár en telur þó að veltan verði svipuð í ár, eða í kringum fimm milljarða. - kh

ÁRATUGUR ÖFGA

„Þetta er vegleg og eiguleg bók, upplýsandi og oft bráðskemmtileg.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA

BÆTTU HENNI Í SAFNIÐ!

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Á morgun
Víða 10-18 m/s, einkum NV-til.

Miðvikudagur - annar í jólum
13-18 m/s en hægari inn til landsins.

JÓLAVEÐRIÐ verður ólíkt milli landshluta. Norðaustanátt ríkir næstu daga með snjókomu eða eljum norðan- og austanlands en það léttir heldur til syðra. Það kólnar heldur í veðri og á annan í jólum eru líkur á töluverðu frosti, einkum NA-til.

Alicante 18°	Berlín 10°	Friedrichshafen 13°	Las Palmas 24°	New York 3°	París 12°
Apena 12°	Billund 4°	Gautaborg 4°	London 13°	Orlando 22°	San Francisco 13°
Basel 8°	Frankfurt 12°	Kaupmannahöfn 4°	Mallorca 20°	Ósló -5°	Stokkhólmur -4°

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

Gleðileg jól

Arion banki óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir framkvæmdastjóri samtaka byssueigenda í Bandaríkjunum?
2. Hver er jólasýning Borgarleikhússins í ár og eftir hvern er hún?
3. Hver kemur í stað Alexanders Peterssonar í íslenska landsliðinu í handknattleik?

SVÖR
1. Wayne LaPierre. 2. Mýs og menn eftir John Steinhilbeck. 3. Ásgeir Örn Hallgrímsson.

Fjármálaráðherrar Íslands og Færeyja funduðu fyrir helgi:

Lán frá Færeyingum endurgreitt

EFNAHAGSMÁL Ríkissjóður Íslands endurgreiddi í síðustu viku lán sem færeyska ríkið veitti því íslenska í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Um var að ræða lán upp á 300 milljónir danskra króna, jafngildi 6,76 milljarða íslenskra króna á núverandi gengi.

Í tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu segir að Færeyingar hafi skorið sig úr frá öðrum lánveitendum Íslendinga með því að setja engin skilyrði við lánveitinguna. Þá segir þar enn fremur að

vinsemd Færeyinga í garð Íslands verði lengi í minnum höfð.

Af þessu tilefni kom Jørgen Niclasen, fjármálaráðherra Færeyja, til fundar við Katrínu Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra.

Á fundi sínum ræddu ráðherrarnir eftt samstarf Íslands og Færeyja og aukin tengsl.

Þá hefur ríkisstjórn Íslands samþykkt að standa á næsta ári straum af kostnaði við ráðstefnu um atvinnu- og nýsköpunarmál landanna tveggja.



Í FJÁRMÁLARÁÐUNEYTINGU Jørgen Niclasen og Katrín Júlíusdóttir, fjármálaráðherrar Færeyja og Íslands.

Breytingar á rekstri Hörpu: Rekstur Hörpu sameinaður

STJÓRNSÝSLA Rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu hefur verið færður í eitt rekstarfélag. Reksturinn hefur frá stofnun verið í mörgum rekstrarfélögum. Fyrirkomulagið hefur verið gagnrýnt og þótti óskilvirkt.

Á hluthafafundi í Austurhöfn, yfirfélagi Hörpu, á fimmtudag var samþykkt eigendastefna fyrir Hörpu. Ríkið á 54 prósent hlut í húsinu og Reykjavíkurborg 46 prósent. Sameinað félag verður opinbert hlutfélag.

Gæsluvarðhald runnið út: Spilavítisfólki sleppt úr haldi

LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhald yfir þremur körlum og einni konu sem handtekin voru í rassíu í spilavíti í Skeifunni fyrir rúmri viku rann út fyrir helgi. Það var ekki fram-



lengt og er fólkið því laust úr haldi. Fólkið var handtekið ásamt fjórum öðrum aðfaranótt 12.

desember þegar mikið lögreglulið réðst til inngöngu í bækiðstöðvar spilaklúbbsins P&P. Húslleit var einnig gerð á heimilum stjórnarmannanna þriggja, sem úrskurðaðir voru í varðhald.

Talið er að spilað hafi verið fyrir stórfé í klúbbum um nokkurt skeið.

Fjölskyldur sem snæða saman: Borða frekar grænmetið sitt

BRETLAND Ef fjölskylda borðar saman kvöldmat nokkrum sinnum í viku bætir það matarvenjur barna og eykur grænmetis- og ávaxtaneytlu þeirra.

Þetta sýnir ný rannsókn sem birt var í Bretlandi og breska ríkisútvarpið BBC segir frá.

Börn sem borða alltaf kvöldmat með fjölskyldu sinni borða ráðlagðan dagskammt af grænmeti og ávöxtum. Börn sem borða með fjölskyldunni nokkrum sinnum í viku voru nálægt því. Börn sem aldrei borðuðu með fjölskyldunni fengu 3,3 af fimm ávöxtum og grænmeti sem mælt er með að sé neytt á hverjum degi.

Hluti suðurskautsins nefnt: Nefnt í höfuðið á Elísabetu

BRETLAND Hluti Suðurskautslandsins verður nefndur í höfuðið á Elísabetu Englandsdrottningu. Þetta var tilkynnt í heimsókn drottningarinnar í bústað forsætisráðherra í síðustu viku.



ELÍSABET DROTTNING

Drottningin er fyrsti þjóðhöfðinginn frá árinu 1781 sem er viðstaddur ríkisstjórnarfund í Bretlandi. Eftir fundinn var tilkynnt að hluti þess svæðis sem tilheyrir Bretum muni framvegis heita „Queen Elizabeth Land“ eða Land Elísabetar drottningar.

Svæðið sem um ræðir er næstum tvöfalt stærra en Bretland, og var áður án nafns.

Átak við móttöku úrgangs

Umhverfisstofnun og hafnaryfirvöld vinna að því að allar hafnir landsins vinni áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs. Tryggja á viðunandi aðstöðu og draga úr losun úrgangs í sjó.

UMHVERFISMÁL Umhverfisstofnun hefur að undanförunni unnið að því í samvinnu við hafnaryfirvöld að hafnir á landinu vinni áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs. Markmiðið er að tryggja viðunandi móttökuaðstöðu í höfnunum og draga úr losun úrgangs í sjó frá skipum.

Tilfnið er úttekt Siglingaöryggisstofnunar Evrópu árið 2010 á hafnaraðstöðu hér á landi. Var fundið að því að engar áætlanir hafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs höfðu verið staðfestar.

Sigurrós Friðriksdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að þrátt fyrir aðfinnslur Siglingaöryggisstofnunar hafi verið við lýði ágætt kerfi á Íslandi hvað varðar úrgangsmál skipa og hafna. Hins vegar segir Sigurrós að magnbólur vanti í þessu samhengi en í áætlun, sem er í vinnslu, verður gætt að því sérstaklega að hafnirnar safni slíkum upplýsingum. „Áætlanirnar eru endurskoðaðar innan þriggja ára, og ráðgert að þá



FRÍÐARHÖFN Hafnaraðstaða og umgengni er víðast til fyrirmyndar

verði hafnirnar með þessar upplýsingar.“

Umhverfisstofnun fór fram á það við 44 rekstraraðila hafna að skila inn áætlunum um móttöku og meðhöndlun úrgangs fyrir

samtals 82 hafnir. Viðbrögð voru almennt góð en í september var þeim veitt áminning sem þrátt fyrir tilmæli höfðu enn ekki sent inn áætlun.

Sigurrós telur enga ástæðu til

“Lengi var viðkvæðið að hafið tæki lengi við, en þetta er ekki rétt og á því hafa allir áttað sig.


Sigurrós Friðriksdóttir sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun

að halda að aðstöðuleysi í höfnum hafi orðið til þess að letja sjómenn í að skila af sér úrgangi sem fellur til um borð.

„Ég tel einnig að mikil framför hafi orðið á síðustu árum og íslenskir sjófarendur fari vel út úr samanburði um umgengni við önnur lönd. Lengi var viðkvæðið að hafið tæki lengi við, en þetta er ekki rétt og á því hafa allir áttað sig.“

Í ársskýrslu Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2011 kemur fram að ágætlega hefur gengið að fá veiðarfæraúrgang til endurvinnslu, en það er stór hluti þess úrgangs sem fellur til hjá fiskiskipafloetanum. Gert er ráð fyrir að um 1.100 tonn af veiðarfæraúrgangi falli til á Íslandi árlega.

ÁÆTLANIR UM MÓTTÖKU OG MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG FARMLEIFA (staða þann 13. desember 2012)



Alls 65 af 74 sveitarfélögum landsins leggja á hámarksútsvar:

Tvö sveitarfélög lækka útsvar

SKATTAMÁL Tvö íslensk sveitarfélög, Seltjarnarneskaupstaður og Grindavíkurbær, hafa ákveðið að lækka útsvarshlutfall á árinu 2013. Fjármálaráðuneytið hefur birt samantekt á útsvarshlutfalli sveitarfélaga á árinu 2012.

Á Íslandi eru alls 74 sveitarfélög sem geta samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga

ákvarðað útsvar á bilinu 12,44% til 14,48%. Alls 65 sveitarfélög leggja á hámarksútsvar en þar af eru sautján af tuttugu stærstu sveitarfélögum landsins. Undantekningararnar eru Garðabær, Seltjarnarnes og Grindavík. Tvö sveitarfélög leggja á lágmarksútsvar; Skorradalshreppur og Ásahreppur.



AF SELTJARNARNESI Seltjarnarnes ætlar að lækka útsvarið á næsta ári úr 14,18% í 13,66%. Í Grindavík lækkar útsvar úr 14,48% í 14,28%.

14,42%

er meðalútsvar í íslenskum sveitarfélögum árið 2013 en það lækkar um 0,02 prósentustig milli ára.

65 af 74

sveitarfélögum landsins verða með 14,48% hámarksútsvar á árinu 2013.

2 af 74

sveitarfélögum landsins lækka útsvar milli ára 2012 og 2013 en þar að auki lækkar útsvar á Álftanesi sem sameinast Garðabæ um áramótin.



Selur burstabæi undir beru lofti í Salahverfi

ÚR FRÉTTABLAÐINU Sagt var frá burstabæjum Jóns Karlssonar í blaðinu þann 20. desember.

Lesendur virðast hrifnir:

Slegist um burstabæi

FÓLK Lesendur Fréttablaðsins virðast afar hrifnir af heimasmiðuðu burstabæjunum hans Jóns Karlssonar líkanasmíðs sem sagt var frá hér í blaðinu á fimmtudag.

Fyrirspurnum hefur rignt inn frá lesendum sem vilja komast í samband við Jón.

„Erum mikið búin að leita að einhverjum sem er að selja svona, þetta er frábært. Þá getur þessi glatt mömmu,“ segir í tölvuskeyti eins lesanda.

„Ég þarf endilega að nálgast einn svona bæ hjá kappanum,“ segir annar.

ÞÚ FÆRÐ EINFALDLEGA ALLT TIL JÓLANNA Í HAGKAUP



Hátíðar-
maturinn



Bækurnar



Spilin &
leikföngin




Snyrtivaran



Ávextirnir

Afgreiðslutími **24.-27. desember**

	SKEIFAN EIÐISTORG GARÐABÆR	SMÁRALIND	KRINGLAN	AKUREYRI	SPÖNGIN HOLTA- GARÐAR	NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS
MÁN 24. DES	OPIÐ TIL 16	OPIÐ TIL 16	9-14	9-14	9-14	9-14
ÞRI 25. DES	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ
MIÐ 26. DES	OPNAR 11	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ
FIM 27. DES	24 TÍMA	11-21	11-21	11-24	11-20	11-18:30

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma má finna inn á www.hagkaup.is



EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hvar býr hinn sanni jólaandi?

Jólin þín byrja

IKEA, segir sænski smásölurissinn. Einhvern tímann í lok október. Og hefur eitthvað til síns máls. Innkaup á jólaglingri og gjöfum með einkennilegum sænskum nöfnum eru partur af jólatilstandinu sem okkur finnst ómissandi. Þegar einhverjir vitleysingar kveikja í risastóru geitinni fyrir utan vitum við svo að hátíðin er virkilega farin að nálgast.

Þjófstart á jólaundirbúningi og skreytingum, kaupæði, óhóf, ofát, yfirborðsmennska, innfluttir óþjóðlegir jólasíðir; af öllu þessu höfum við haft áhyggjur áratugum saman. Þetta er ekki það sem jólin snúast raunverulega um, hefur verið bent á.

Samt er þetta allt saman fremur einkenni framþróunar þjóðfélagsins en merki um að við séum að týna jólahátíðinni í umbúðum og skrumi.

Fólk hefur alltaf gert sér dagamun á jólum. Jólagjafirnar, sem vöktu sanna gleði þrátt fyrir að vera fábrotnar á mælikvarða nútímans, voru yfirleitt það bezta sem fólk hafði efni á einhvern tímann á síðustu öld. Og nánast hver einasta jólahæfð og síður er innflutt, það er bara mismunandi langt síðan innflutningurinn átti sér stað. Alþjóðavæðing jólahæfða er merki um samfélag sem er opið og reiðubúið að sækja sér fjölbreytt áhrif.

Þótt vakin hafi verið athygli á þeirri dapurlegu staðreynd að fleiri en áður þurfi á aðstoð að halda við jólahaldið endurspeglar hún öðrum þræði breyttar kröfur og dregur hins vegar fram að það eru líka nógu margir tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að þeir sem minna hafa á milli handa geti haldið jól með sæmilegum brag.

Staðreyndin er sú að þótt ytri umgjörð jóllanna breytist, í takt við bættan efnahag og breytta menningarstrauma, er innihaldið það sama þegar allt kemur til alls. Og nánast ómögulegt að yfirgnæfa það með endurunnu ítölsku poppi, sænskum strágeitum og skvaldri markaðarins.

Jólaboðskapurinn er sá sami, raunar óbreyttur síðastliðin tvö þúsund ár eða svo: „Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu.“

Margir sækja sína jólagleði beint í þetta fagnaðarerindi sem hljómar í kirkjum landsins og útvarpstækjum í kvöld. Aðrir fremur í samveru fjölskyldunnar, hefðirnar og hátíðleikann, þar sem öllu því bezta er tjaldað til.

Svo mikið er víst að jólin þín byrja í hjartanu – eða, ef við viljum forðast gagnrýni frá fólki sem kann líffræði, á staðnum þar sem við geymum ást og náungakærleik, þakk-læti, gjafmildi, friðsemd og fyrirheit um að verða ögn betri manneskja. Sá sem á þetta allt saman þarf strangt til tekið ekki allt dótið og umbúðirnar, þótt það þjóni vissulega sínum tilgangi, til að finna hinn sanna jólaanda.

Gleðileg jól!

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Við skutlum Júlíu heim

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póst: dreifing

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Reglum breytt fyrir formannskjör
Samfylkingarfólk mun velja sér nýjan formann í janúar en frambjóðendurnir Árni Páll Árnason og Guðbjartur Hannesson hafa sammælt um að kjörið fari fram meðal allra flokksmanna fremur en á landsfundi. Vefmiðillinn Eyjan vakti í gær athygli á bréfi sem félagsmenn í Samfylkingarfélaginu í Reykjavík hafa fengið sent. Kemur þar fram að frá og með áramótum munu einungis þeir sem greitt hafa gjöld hafa kosningarétt í atkvæðagreiðslum flokksins.



Guðbjartur gerður greiði
Bréfið er athyglisvert fyrir þær sakir að í því eru kynntar breytingar sem minnka mengi kjósenda í formannskjörinu. Forvitnilegt er að velta fyrir sér hvor frambjóðandinn hagnast á slíkri breytingu. Skoðana-kannanir hafa bent til þess að Árni njóti meiri stuðnings meðal almennra kjósenda en Guðbjartur hefur verið sagður njóta meiri stuðnings innan þingflokksins. Það er því líklegur en hitt að breytingin henti Guðbjartur og má álykta sem svo að stuðningsmenn hans séu að baki henni. Það er greinilegt að makk vegna formannskjörsins er í fullum gangi.



Jólaþvefja
Í þessum kersknisfulla dálki er oft vakin athygli á einkennilegum eða óheppilegum ummælum eða gjörðum stjórnmalámana og annarra í fréttum. Væri þessi dálkur lesinn einn og sér væri auðvelt að draga þá ályktun að stjórnmalámen landsins væru upp til hópa sauðir með mótsagnakenndar skoðanir. Það er því kannski við hæfi á aðfangadag að taka svona einu sinni fram að vitaskuld eru stjórnmalámen landsins vel meinandi fólk sem reynir að vinna vinnuna sína eins vel og það getur, rétt eins og flestir aðrir. Gleðileg jól!
magnus@frettabladid.is

HALLDÓR



Lífsbjörg og framtíðarvon í Gambíu

HJÁLPARSTARF



Þórir Guðmundsson sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða krossins

Nú sjá 42.859 einstaklingar í Gambíu fram á að eiga mat langt fram á næsta ár, þökk sé aðstoð frá almenningi í köldu landi í norðri.

Það rigndi stopult á Sahel-svæðinu í vesturhluta Afríku í fyrra. Uppskeran brást. Neyðaraðstoð var veitt en mikið vantar upp á að náðst hafi til allra.

Í Gambíu – minnsta landi Afríku – tók Rauði krossinn á Íslandi að sér að veita neyðaraðstoð og hjálpa fólki að ná sér á strik eftir áfallið. Nú, sex mánuðum síðar, hafa 42.859 einstaklingar fengið hrisgrjónauppskeru sem þeir hefðu annars ekki fengið.

Margir voru orðnir uppiskroppa með mat þegar í sumar. Rauða krossinum tókst að hjálpa sumum þeirra sem voru verst staddir. Þeir, og fleiri til, fengu svo hrisgrjónaútsæði til að tryggja uppskeru fyrir næsta ár.

Birna Halldórsdóttir, sendifulltrúi Rauða krossins, leiðir nú framhald hjálparstarfsins, sem felst meðal annars í því að hjálpa fátækum konum við að koma sér upp matjurtagörðum. Í þeim geta þær ræktað grænmeti sem er bæði hægt að borða með hrisgrjónunum, til að auka næringargildi máltíðarinnar, og selja til að afla tekna fyrir heimilið. Meðfram matjurtagörðunum er komið

→ Um 500 krakkar söfnuðu samtals 600 þúsund krónum sem verða notaðar til að kaupa námsvörur og skólabúninga fyrir börn, sem annars kæmst ekki í skóla.

upp lágum veggjum til að geitur flækist ekki í garðana og éti þar allt góðgætið og brunnar eru grafnir til að tryggja reglulega áveitu. Þá læra konurnar nýjar aðferðir við að yrkja garðinn og geyma matinn, þannig að útbreiðsla þekkingar er líka hluti af verkefnum.

Nærvera Birnu í Gambíu gerði Rauða krossinum sömuleiðis kleift að koma framlagi tombólukrakka í góð not. Um 500 krakkar söfnuðu samtals 600 þúsund krónum sem verða notaðar til að kaupa námsvörur og skólabúninga fyrir börn, sem annars kæmst ekki í skóla. Birna telur ekki eftir sér að vinna þetta starf yfir jólin.

Hjálparstarf Íslendinga er ekki fyrirferðarmikið á alþjóðavísu. En fátækt fólk í Gambíu sem Íslendingar hjálpuðu til að lifa af mesta matarskortinn í sumar og haust – og aðstoða þessa dagana við að ná sér á strik á ný – hugsa án efa hlýlega til landsins í norðri yfir hátíðirnar.

Þökkum og njótum

Aðfangadagur jóla er í dag. Dagurinn sem yngsta kynslóðin hefur beðið eftir með eftirvæntingu. Dagur sem einhverjir hafa kviðið. Aðstæður fólks eru misjafnar. Sumir tilheyra stórum fjölskyldum, samheldnum fjölskyldum, aðrir ekki. Einsemdin verður aldrei meiri en á þessum degi ef hún er til staðar á annað borð. Sorgin nístir sárar og söknuðurinn verður meiri en aðra daga ef þannig stendur á. Þetta er dagur tilfinninga. Ef hægt er að kalla einhvern tíma heilagan þá er það kvöldið í kvöld. Hin helga nótt. Á tonleikum adventunnar hefur sálmurinn um hana oft heyrst:

*Ó helga nótt, þín stjarna blikar blíða,
Þá barnið Jesús fæddist hér á jörð.
Í dauða myrkrum daprar þjóðir stríða,
uns Drottinn birtist sinni barna hjörð.*

Ég spurði vinkonu mína hvort hún vildi koma með mér á stutta adventutónleika og sagði henni að þar væri meðal annars sunginn þessi sálmur. Hún treysti sér ekki til þess. Ég er búin að gráta nóg, sagði hún. Þetta eru fyrstu jólin hennar eftir fráfall móður hennar. Á þessum tíma ársins, adventunni, þegar myrktið er mest og tilfinningarnar brjótast fram hver af annarri, er stutt í tírin hjá þeim sem misst hafa, stutt í hláturinn hjá þeim sem gleðjast, stutt í væntumþykjuna hjá þeim sem hafa reynt hana.

Minnt á ljósið

Mitt í þessu myrktu og myrkrinu sem fylgir árstímanum erum við minnt á ljósið. Það lýsir ekki aðeins okkar innri manni heldur einnig umhverfi okkar. Jólaljósin skreyta og lýsa upp dimmasta tíma ársins. Jólaguðspjallið, sem Lúkas læknir skráði og er að finna í 2. kafla guðspjalls hans, segir líka frá því þegar birtan lýsti upp dimma

JÓL



Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Við erum tengd öðru fólki á ýmsan hátt, en án tengingar við Guð er líf okkar sem í lausu lofti. Jólin minna okkur á það og þau minna okkur á að boðskapurinn sem engillinn flutti er okkur líka ætlaður.

nóttina. „En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá“.

Fátækir hirðar, sem sátu yfir kindum, fengu fyrstir fréttirnar. Reynsla þeirra hefur verið lesin og leikin og fræðimenn hafa rannsakað þátt þeirra í jólasögunni og þýðingu þess að þeir voru valdir fyrstir til að heyra boðskapinn. Þeirra sem ekki voru hátt skrifaðir í samfélagi manna hefur verið minnst um aldir. Það hefur verið tekið eftir viðbrögðum þeirra, en þau eru í samræmi við það sem við þekkjum úr mannlegu eðli. „Þegar englarnir voru farnir frá þeim til himins sögðu hirðarnir sín á milli: „Förum beint til Betlehem að sjá það sem gerst hefur og Drottinn hefur kunngjört okkur.“ Og þeir fóru með skyndi og fundu Maríu og Jósef og ungbarnið sem lá í jötu. Þegar þeir sáu það skýrðu þeir frá því er þeim hafði verið sagt um barn þetta. Og allir sem heyrðu undruðust það er hirðarnir sögðu þeim. En María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það. Og hirðarnir sneru aftur og vegsömuðu Guð og lofuðu hann fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð en allt var það eins og þeim hafði verið sagt.

Fagnaðarboðskapur

Margir fara í aftansöng í kirkju sinni í kvöld og aðrir fara í jólaguðspjónustur um



hátíðirnar. Þar er fluttur fagnaðarboðskapurinn um fæðingu frelsarans. Jólaboðskapurinn vekur upp þá tilfinningu er hirðarnir höfðu, að fara og sjá og lofa Guð.

Boðskapur himinsins hafði náð eyrum hirðanna og þeirra mannlegu viðbrögð voru að fara og sjá. Eins er það með okkur sem nú lifum. Reynslan mótir okkur og hvetur okkur til viðbragða. Reynsla okkar er ekki sýnileg öðrum en þeim er við segjum frá, en hún mótir og breytir. Við erum ekki söm á eftir. Og þannig hefur það verið með hirðana. Þeir lofuðu Guð, segir í guðspjallinu.

Við komum saman á jólu og lofum Guð fyrir það að fá að heyra þennan himneska boðskap. Fyrir það að barnið hennar Maríu er líka okkar. Fyrir það að í jötunni er bæði Guð og maður. Jesús sem þekkir mannlegar tilfinningar og þrjár. Jesús sem

gerir heilt samband okkar við Guð. Guð sem er frelsari okkar, vinur og sálufélagi. Guð sem skilur okkur ekki eftir ein og yfirgefin heldur sendir okkur hjálparann, hugarann, andann heilaga. Við erum ekki eyland í þessum heimi. Við erum tengd öðru fólki á ýmsan hátt, en án tengingar við Guð er líf okkar sem í lausu lofti. Jólin minna okkur á það og þau minna okkur á að boðskapurinn sem engillinn flutti er okkur líka ætlaður: „Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs.“

Hirðarnir fóru og sáu barnið í jötunni. Það megum við líka gera. Við megum falla á kné og láta blessun barnsins í jötunni streyma til okkar. Þökkum og njótum. Gleðilega hátíð.

Bjarni Haukur Þórsen

HOW TO BECOME ICELANDIC IN 60 MINUTES.

Nokkrar aukasýningar milli jóla og nýárs fyrir Íslendinga sem og erlenda ferðamenn.

Komdu og sjáðu frábæra, fyndna og fræðandi gamansýningu!

Erum við virkilega svona?

Sýnt á ensku!

„I have not laughed this much... ever!“

Celina Merino,
Travel Agent Madrid

„Comic perfection. What are you waiting for? Book Now!“

Richard Ings, WOR

Sýningartímar milli jóla og nýárs:

27. desember kl. 20:00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
28. desember kl. 20:00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
29. desember kl. 19:00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
30. desember kl. 19:00	ÖRFÁ SÆTI LAUS

Miðasala

www.harpa.is

Sími: 528 5050



HARPA
TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚSIÐ
Í REYKJAVÍK

TP
THORSSON
PRODUCTIONS

ESB-aðild og nýr stofn í íslenskri fiskveiðilögsögu

Hér á landi eru það íslensk stjórnvöld sem hafa ákvörðunarvald um leyfilegan heildarfla í íslenskri lögsögu og á öðrum miðum sem Ísland hefur ráðstöfunarétt yfir. Fiskveiðistjórnunarkerfið er mótað í lögjök frá Alþingi en síðan útfært nánar af stjórnvöldum. Þegar nýr fiskistofn, til að mynda makrill, fer að ganga í miklum mæli inn í íslenska efnahagslögsögu kemur það því í hlut íslenskra stjórnvalda að ákveða hversu miklum afla er úthlutað úr stofninum og til hvers. Þetta á reyndar ekki við ef Ísland hefur skuldbundið sig að þjóðarétti til annars, það er gert samning við önnur ríki sem kveður á um annað. Undanfarin ár hefur makrill verið úthlutað til íslenskra fiskveiðiskipa eftir reglum settum af stjórnvöldum, nú síðast með reglugerð um stjórn makrillveiða íslenskra fiskiskipa árið 2012.

Framselt vald

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa framselt vald sitt á þessu sviði til sameiginlegra stofnana sambandsins. Evrópusambandið hefur sjálfstæða stefnu í fiskveiðimálum og er meginreglan sú að sambandið eitt hafi vald til að setja lagareglur um verndun fiskiaúðlinda. Í því felst meðal annars vald til að ákveða skiptingu kvóta milli aðildarríkja. Af þessu leiðir að aðildarríkin sjálf hafa ekki vald til að ákveða skiptingu kvóta milli landa en er hins vegar látið eftir að

EVROPU-VEFURINN
Mundi ESB-aðild breyta því hvernig tekið yrði á því ef nýr fiskistofn gengi inn í íslenska fiskveiðilögsögu?



Hildur Yr Viðarsdóttir
héraðsdómslögmaður

skipta landskvóta viðkomandi ríkis milli útgerða og/eða fiskiskipa í því ríki. Vald Evrópusambandsins nær í aðalatriðum til allra hafsvæða sem heyrja undir lögsögu aðildarríkjanna, það er landhelginnar, efnahagslögsögunnar og landgrunnins.

Það er meginregla innan Evrópusambandsins að fiskveiðar skuli byggja á hlutfallslega stöðugum veiðum en í því felst að landskvóta til aðildarríkja er úthlutað á grundvelli sögulegrar veiðireynslu. Hlutdeild hvers og eins aðildarríkis í sameiginlegum fiskveiðiheimildum á þannig að haldast stöðug. Þá er það einnig meginregla í Evrópusambandinu að fiskveiðiskip aðildarríkja eiga að hafa jafnan aðgang að hafsvæðum og auðlindum á öllum hafsvæðum sambandsins. Aðildarríkin hafa þannig jafnan rétt til veiða innan hafsvæða Evrópusambandsins án tillits til þess innan hvaða lögsögu svæðin kunna að falla, að því gefnu að þau hafi yfir að ráða tilskildum aflakvóta.

Í fyrirsvari

Af meginreglunni um hlutfallslega stöðugar veiðar leiðir að ef fiskistofn fer að ganga úr efnahagslögsögu eins aðildarríkis inn í efnahagslögsögu annars aðildarríkis þá á landskvóti fyrri ríkisins að haldast óbreyttur þrátt fyrir breytingar á göngu fiskistofnsins. Ef hins vegar fiskistofn fer að ganga inn í efnahagslögsögu aðildarríkis frá þriðja ríki

→ Af þessu leiðir að aðildarríkin sjálf hafa ekki vald til að ákveða skiptingu kvóta milli landa en er hins vegar látið eftir að skipta landskvóta viðkomandi ríkis milli útgerða og/eða fiskiskipa í því ríki.

eða alþjóðlegu hafsvæði þá gildir sú regla að Evrópusambandið skal ákveða aðferð við úthlutun nýrra fiskveiðiheimilda að teknu tilliti til hagsmuna sérhvers aðildarríkis.

Evrópusambandið hefur þannig vald til að vera í fyrirsvari fyrir aðildarríkin og gera þjóðréttarsamninga við ríki utan sambandsins um fiskveiðar, hvort sem er um rétt aðildarríkjanna til fiskveiða í lögsögu þriðju ríkja eða rétt þriðju ríkja til veiða í lögsögu Evrópusambandsins. Það er af þeim sökum sem Írland og Bretland eru ekki beinir aðilar að makrilldeilunni við Íslendinga heldur Evrópusambandið, þrátt fyrir að það séu Bretar og Írar sem helst hafa stundað makrillveiðar í Atlantshafi og hafa hagsmuni af veiðunum. Ljóst er að sem aðili að Evrópusambandinu hefði það ekki verið á færi íslenskra stjórnvalda að úthluta kvóta úr makrillstofninum. Það hefði komið í hlut Evrópusambandsins eftir þeim meginreglum sem reifaðar hafa verið hér að framan. Svárið við spurningunni er því já, ESB-aðild mundi breyta því hvernig tekið yrði á því ef nýr fiskistofn gengi inn í íslenska fiskveiðilögsögu.

Nokkur orð um verðtryggð húsnæðislán

Hingað og ekki lengra, nú er komið að þörmörkum. Hvar er skjaldborgin sem átti að standa vörð um heimilin? Verðtryggð húsnæðislán hafa stökkbreytt á undanförunum árum. Greiðslubyrði heimilanna eykst stöðugt og lítið er gert til að leiðrétta þessi mál. Það er komið nóg og tími kominn til þess að gera breytingar á stöðu þessa hóps sem tók verðtryggð lán.

FJÁRMÁL



Elsa Lára Arnardóttir
í 3. sæti á lista Framsóknar í Norðvesturkjördæmi

→ Við tókum verðtryggð lán upp á 28 milljónir þegar við höfðum lokið við húsið. Þá var það metið á 38 milljónir og við nokkuð sátt með stöðuna. Hugsuðum með okkur að við gætum selt húsið ef við myndum lenda í vandræðum.

Upphafið

Í ársbyrjun 2007 ákváðum við, fjögurra manna fjölskyldan, að stækka við okkur. Þjuggum þá í eldra húsi hér á Skaganum og langaði í nýrra hús sem þarfnadist minna viðhalds en gamla húsið. Við fórum á stúfana og skoðuðum ýmsar eignir sem voru til sölu en svo ákváðum við að byggja okkur heimili. Sáum að það var hagkvæmasti kosturinn, við gætum unnið sjálf í húsinu um kvöld og helgar og auk þess bauðst okkur að flytja inn á ættingja okkar til að spara leigu. Þetta gerðum við og það tók okkur rétt tæpt ár að koma okkur inn í húsið.

Ekki misstilja mig, þarna horfðum við í hverja einustu krónu. Keyptum innréttingar og tæki í ódyrari kantinum.

Við tókum verðtryggð lán upp á 28 milljónir þegar við höfðum lokið við húsið. Þá var það metið á 38 milljónir og við nokkuð sátt með stöðuna. Hugsuðum með okkur að við gætum selt húsið ef við myndum lenda í vandræðum.

Breytt staða

Á haustmánuðum 2008 breyttist staða ansi marga. Íslenska fjármálakerfið hrundi og það hefur enginn sloppið við að verða var við þau ósköp, því miður.

Maðurinn minn missti vinnuna um júnín 2008. Sem betur fer fékk hann vinnu á fyrstu mánuðum ársins 2009 en launin voru langt frá því að vera þau sömu og hann var með áður. Það munaði um 240 þúsund útborguðum krónum á mánuði og setti það stórt strik í reikninginn.

Við sáum í hvað stefndi og fórum í bankann. Þar tók yndislegt fólk á móti okkur sem vildi allt fyrir okkur gera. Við gerðum samning við bankann sem var þess eðlis að við lögðum öll okkar laun inn á reikning sem bankinn hafði umsjón yfir. Bankinn skammtaði okkur svo pening í hverri viku sem framfærslu. Þetta kerfi hentaði vel, við fengum að halda heimilinu okkar og vorum sátt við það. Viss um að það væri verið að hugsa einhverja almenna aðgerð til hjálpar heimilum í þessari stöðu.

Ferlið tók langan tíma, lánin

voru fryst og á endanum var okkur boðið upp á 110 % leiðina. Á þessum tíma hafði húsnæðisverðið hrundið og lánin rokið upp.

Staðan núna

Enn búum við í húsinu okkar. En 110% leiðin hefur lítið hjálpað okkur því húsnæðislánið er að nálgast þær hæðir sem það var í áður en við fengum hjálpina.

Maðurinn minn hefur unnið erlendis í tvö ár og þarf að vinna þar áfram því þar bjóðast betri laun. Án þeirra kjara værum við ekki lengur í húsinu. Greiðslubyrðin hefur stóraukist þrátt fyrir að við séum ekki að bæta við okkur neinum nýjum útgjaldaliðum. Þvert á móti höldum við í hverja krónu og skoðum í hvað peningarnir fara.

Það spyrja sig líklega einhverjir við lestur þessarar greinar af hverju við búum enn í húsinu. Ég get sagt ykkur það. Við eigum ekki neitt í húsinu og við erum föst. Ef við fórum þá þurfum við að borga með okkur og við höfum ekki efni á því, eins og svo margir aðrir sem eru í sömu sporum og við.

Breytingar

Ég spyr fyrir okkar hönd og fyrir hönd allra þeirra sem eru í sömu stöðu og við, hvenær á að hjálpa heimilunum? Hvenær sjáum við fram á aðgerðir sem hjálpa þessum hópi fólks, áður en stór hluti þeirra fer í þrot?

Einhver spyr líklega hvar eigi að fá peninga til þess að leiðrétta þessi lán. Mig langar því að benda á að frá hrúni hefur ríkið sett 400 milljarða í fjármálakerfið og 1.000 milljarða í afskriftir fyrirtækjanna. Ég spyr, hvaðan voru þessir peningar teknir?

Hingað og ekki lengra

Ég er með íbúðarlán sem ég borga 160 þúsund krónum af á mánuði. Lánið stendur í 34 milljónum og í hverjum mánuði hækkar það um u.þ.b 120 þúsund krónum. Það gera um 1.440 þúsund á ári. Ég segi því hingað og ekki lengra. Ég er búin að fá nóg. Hvað með ykkur?

Núverandi stjórnvaldamenn og þeir sem sækjast eftir kjöri í vor verða að einbeita sér að þessum málum. Komum heimilunum til hjálpar.

Rafíðnádarsamband Íslands óskar þér og þínum gledilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Við þökkum ánægjulegt samstarf á árinu og hlökkum til samstarfs á komandi ári.

RAFÍÐNÁDARSAMBAND ÍSLANDS

Við flytjum þér góðar fréttir

Postdreifing

Athugasemd frá Dróma

Í Fréttablaðinu 20. desember er opið bréf til alþingismanna frá Hafðisi Óskarsdóttur þar sem hún lýsir meintri reynslu sinni af samskiptum við Dróma hf. og Frjálsa hf. Af því tilefni vilja Drómi hf. og Frjálsi hf. taka fram að efnisatriði greinarinnar eru röng í veigamiklum atriðum en vegna bankaleyndar er félögunum ekki heimilt að fjalla opinberlega um málefni einstakra viðskiptavina.

Drómi vill vekja athygli á ummælum eftirlitsnefndar á vegum atvinnu- og nýsköpunaráðuneytisins sem birt var sl. þriðjudag, þar sem m.a. kemur fram að vegna reglna um banka-

leynd þurfi fjármálafyrirtæki að sitja þegjandi undir umfjöllun fjölmiðla þar sem viðskiptamenn þeirra hafi ekki samþykkt að aflétta bankaleynd. Nefndin skoðaði sérstaklega skuldamálið einstaklinga og fyrirtækja sem verið hafa í umfjöllun fjölmiðla og hafi niðurstaðan jafnan verið á þann veg að vinnsla mála var innan þeirra viðmiða sem unnið skyldi eftir. Umfjöllun fjölmiðla um þau hafi því hvorki verið í takti við efni máls né byggð á öllum staðreyndum sem máli skipti.

Virðingarfyllst,
Magnús Steinþór Pálmarsson

365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu

Postdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. Öruglega til þín.

Postdreifing | Suðurhauk 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Gleðilega hátíð

JONSSON & LEMACKS · JUS · SÍA

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



SIGURJÓN VILHJÁLMSOON Við vorum mjög fegin að komast niður á jörðina eftir hristinginn og hávaðann um borð og að fá góðan mat," rifjar hann upp úr fyrstu flugferðinni til útlanda 1945.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í roki og ískulda í 8.000 fetum

Sigurjón Vilhjálmsson ólst upp við stærsta flugvöll Íslands. Tæknin heillaði og tvítugur hélt hann í flugvirkjanám til Kaliforníu. Ferðalagið var strangt og tók um hálfan mánuð, millilandaflugvélin var óinnréttuð og ísköld og öll hótél í New York full þegar þangað kom. En lánið var líka með í för.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



→ Vinnustaðir Sigurjóns eftir heimkomu frá USA

- Flugfélag Íslands í Reykjavík.
- Lockheed, American Overseas, Esso og Bandaríkjaflotinn, allt á Keflavíkflugvelli.
- Skeljungur, Olís og eigið fyrirtæki: G. Arnórs ehf. allt í Reykjavík

Mæðan ég beið eftir flugfari til Bandaríkjanna mætti ég skólasystur minni úr Laugarvatns-skóla af tilviljun á götu og sagði henni frá fyrirhugaðri ferð minni í flugvirkjaskólann. Þá spurði hún hvort ég væri búinn að hitta strákana frá Akureyri sem væru á Hótel Vík að bíða eftir fari til Ameríku, í sama skóla. Ég kom af fjöllum en fór beint niður á Vík og hitti þar Aðalmond Magnússon, Ásgeir Samúelsson, Finn Björnsson, Kristinn Magnússon og Sigurpál Guðlaugsson. Þeir voru á svipuðum aldri og ég og færir í flestan sjó.

Þannig segist Sigurjóni Vilhjálmssyni frá þegar hann rifjar upp sína fyrstu utanlandsferð, árið 1945, til náms í Cal-Aero Technical Institute í Kaliforníu. Hann er nú að verða áttatíu og átta ára en er unglegur og ern og man ferðina í smáatriðum. Svo á hann líka enn alla farmiðana úr flugi, lestum og rútu.

Sigurjón átti sín bernskuár vestast í vesturbæ Reykjavíkur en flutti níu ára með foreldrum sínum, Hólmi Friði Oddsdóttur og Vilhjálmi Hinriki Ívarssyni, að Merkinesi í Höfnum. Þar fæddust

fjögur börn í viðbót. Tvö þeirra sungu sig síðar inn í hjórtu landsmanna, þau Elly og Vilhjámur. Þó Sigurjóni væri meinilla við að flytja suður með sjó varð það til þess að braut hans var mörkuð til framtíðar.

Vegalaus í stórborginni

„Ég ólst upp við hliðina á flugvellinum í Keflavík sem þá hét Meeks, varð þar eins og grár köttur og fylgdist með flugvélaþróuninni nánast frá byrjun,“ segir Sigurjón sem um tvítugt kveðst hafa kannað möguleika á að komast til náms í flugvirkjaskóla í Bandaríkjunum. Mikill tími hafi farið í að afla hinna ýmsu gagna en 14. október 1945 hafi hann fengið vegabréfið stimplað á lögrelustöðinni í Reykjavík, ásamt ferðafélögnum fimm. „Við fórum í bíl frá hernum suður á völlum en þegar þangað kom reyndist ekki pláss fyrir okkur í vélinni sem var að fara til New York. Okkur var komið fyrir á Hotel De Gink á flugvellinum í gistingu og fæði á vegum hersins. Þar biðum við í þrjá daga óþreyjufullir.“

Fjórða daginn fengu þeir félagar loks far. „Vélin var af gerðinni Skymaster C-47 og nánast óinnréttuð. Farangri og vörum var

„**Fjöllin eru rauð og við sólarlomuna sló svo undarlegum bjarma yfir allt að ég varð alveg furðu lostinn. Síðan tók Mohaveyðimörkin við með rauðleitan sand og einstaka runna á stangli og Dauðadalurinn sem er talsvert undir sjávarmáli.**

staflað eftir endilöngu gólfinu en bekkir með strigafléttum voru meðfram veggjunum. Farþegarnir voru flestir hermenn en líka tvær íslenskar stúlkur, auk okkar,“ segir Sigurjón og lýsir flugferðinni. „Við flugum í 8000 feta hæð og fengum óskaplegan mótvind og kulda og það var áreiðanlega mjög lítið eldsneyti eftir í geymum vélarinnar þegar við lentum eftir sjö og hálf klukkustund á Gander á Nýfundnalandi. Við vorum mjög fegin að komast niður á jörðina eftir hristinginn og hávaðann um borð og að fá góðan mat. Eftir stuttan stans var haldið áfram til New York, þá upphófst

aftur sama streðið en eftir fjóra og hálf klukkustund var lent á La Guardia-flugvelli.“

Íslendingarnir tóku tvo leigubíla og hugðust halda á eitthvert hótél í New York en bílstjórnarnir sögðu ekkert gistirými laust, herinn hefði tekið allt hótélpláss í borginni fyrir hermenn sem væru að flykkjast heim úr stríðinu. „Þá ákváðum við í bjartsýni okkar að fara í íslenska konsúlatið á Manhattan,“ rifjar Sigurjón upp. „Þar komum við auðvitað að lokuðum dyrum enda var laugardagur og klukkan um sjö að kvöldi. Þetta leit ekki vel út. En allt í einu dró Finnur lítin miða úr vasa sínum og sagði: „Pabbi lét mig hafa þetta símanúmer, ef ég lenti í vandræðum, þá er hjá Gunnari Pálsyni.“ Finnur fór í næsta almenningsssíma og sá sem varð fyrir svörum var maður á skrifstofu Gunnars sem kom þangað hálfmánaðarlega að vinna við bókhald í klukkutíma. Finnur fékk heimanúmer Gunnars sem sagði okkur að sleppa bílunum og halda kyrru fyrir. Okkur fannst við bíða óralengi en allt í einu vorum við spurð á íslensku hvort við værum Íslendingar. Sá maður leiddi hópinn í lest sem skrölti með okkur langar leiðir, að stóru húsi á Long Island þar

RESTRICTED		U.S.A.A.F. AIR TRANSPORT COMMAND		X 394904	
STATION	Reykjavík, Iceland	DATE	14 October 1945	REVENUE TICKET	
NAME	Vilhjálmsson, Sigurjon	CLASS	None	NOT GOOD FOR PASSAGE	
TO	Reykjavík, Iceland	FARE	\$ 400 00	TRIP CHECK	
FROM	United States	TAXES	None		
WEIGHT	1 160	OTHER	None		
HEIGHT	65/ ac 27	TOTAL	\$ 400 00		
PASSENGER'S RECEIPT					

FARMIDINN VESTUR UM HAF
Keflavíkflugvöllur hét Meeks field á þessum tíma.



Í GARDINUM HJÁ GUNNARI Finnur Björnsson, Aðalmond Magnússon, Kristinn Magnússon, Sigurpál Guðlaugsson, Sigurjón Vilhjálmsson og Ásgeir Samúelsson.

MYND/GUNNAR PÁLSSON



VEGABRÉFSMYNDIN Sigurjón áður en hann hélt til Ameríku, 18. október 1945.

sem Gunnar og kona hans Else Hoffmann biðu með kvöldverð og uppþúin rúm handa öllum hópn-um.“

„Gunnar var forstjóri hjá inn-og útflutningsfyrirtæki sem hét G. Helgason og Melsted og næsta dag fórum við öll með honum á skrifstofu hans á Manhattan. Þar hófst hann handa við að greiða götu okkar,“ heldur Sigurjón áfram frásögninni. „Fljótlega kom í ljós að allt flug var uppantað til Kaliforníu, sama var að segja um lestir svo ekkert var í boði nema rútuferð í fjóra sólarhringa. Gunnar sýndi okkur það helsta á Manhattaneyju og bauð okkur á dýrindis veitingastað. Síðan aðstoðaði hann okkur við að kaupa farmiða og veifaði þegar bíllinn rann af stað í vesturátt þvert yfir meginland Ameríku.“

Stóri vinningurinn

Sigurjóni þótti sléttan tilbreytingarlaus en á milli var stoppað í stórborgum. „Í Las Vegas var áð til að borða og þegar við vorum að tínast aftur út í rútuna setti Kristinn 25 sent í eina peningavélina, skellti handfanginu niður – og fékk stóra vinninginn! Við hinir vorum hjálplegir að tína aurana saman því bílstjórinn var farinn að hóta að skilja okkur eftir,“ rifjar hann upp.

Fegurð musterisbyggingar mormóna í Salt Lake City er Sigurjóni minnisstæð úr ferðalaginu og líka mikilfengleg sólarupprás er hann var staddur í miðjum hlíðum Klettafjalla. „Fjöllin eru rauð og við sólar komuna sló svo undarlegum bjarma yfir allt að ég varð alveg furðu lostinn. Síðan tók Mohave-eyðimörkin við með rauðleitun og einstaka runna á stangli og Dauðadalurinn sem er talsvert undir sjávarmáli.“

Það var að kvöldi 23. október sem Sigurjón og félagar komu til Los Angeles, slæptir og syfjadir. Nú var bara eftir að finna næturstað eina nótt. „Þá kom til okkar maður sem spurði hvort við værum frá Íslandi. Mr. Pálsson hefði hringt frá New York og beðið um að okkur yrði séð fyrir mat og húsnæði fyrstu nóttina. Hann gerði það ekki endasleppt við okkur,“ rifjar Sigurjón upp. „Það voru syfjulegir ungir menn sem mættu í fyrsta tímamann í skólanum næsta morgun en við náðum fljótlega fullum dampi.“

Alls voru fjórtán Íslendingar við nám í Cal-Aero skólanum á sama tíma, í ýmsum deildum, að sögn Sigurjóns. „Minn hópur fór heim að námi þar loknu en ég fór í annan skóla og kom heim ári seinna,“ lýsir hann og heldur áfram. „Oft vorum við búnir að velta fyrir okkur hvernig við gætum sýnt Gunnari Pálssyni þakklætisvott fyrir allt sem hann gerði fyrir okkur. Þegar félagar mínir komu til New York á heimleið, haustið 1946, buðu þeir honum út að borða og báðu hann að velja einhvern góðan stað. Hann fór með þá á mjög fínan stað, þar sem þeir sátu dýrindis veislu honum til heiðurs. Ásgeir Samúelsson var gerður út til að gera upp borðið en yfirþjónninn rak upp stór augu og sagði mjög virðulega: „Hér borgar enginn fyrir matinn, sérstaklega. Mr. Pálsson er klúbbmeðlimur.“



Orkuveita
Reykjavíkur

Við erum til taks

Við treystum sjaldan meira á orkuna en um jóla og áramót. Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur er í viðbragðsstöðu til að tryggja þér birtu og ylu hátíðirnar. Gleðilega hátíð!

BILANAVAKT OR

516 6200

VIÐ ERUM Á VAKTINNI
ALLAN SÓLARHRINGINN



• Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur óskar þér gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

www.or.is



ÓSKUM LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA

Eimskipafélag Íslands er stór vinnustaður með starfsemi um allan heim. Fyrirtækið hefur verið mikilvægur hlekkur í atvinnulífi Íslendinga í tæp 100 ár með flutningastarfsemi á ýmsum sviðum. Eimskip leitast við að leggja samfélaginu lið á margvíslegan hátt. Það er gert meðal annars með framlagi til forvarna, uppbyggingar margs konar íþróttastarfsemi, stuðningi til lista-, menningar- og góðgerðamála. Að auki er það árviss gjöf frá félaginu að annast flutning á Óslóartrénu á Austurvelli fyrir jólin. Leiðir Eimskips og landsmanna hafa því legið saman á fjölmörgum sviðum á liðnu ári og þakkar félagið landsmönnum af alhug ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.



Eimskipafélagið leggur fjölmörgum aðilum lið, þar á meðal þessum:

- 

Fimleikasamband Íslands, styrktaraðili.



Rauði kross Íslands. Eimskip leggur fatasöfnun RKÍ lið með því að flytja fatnað með Flytjanda af landsbyggðinni til Reykjavíkur og áfram út til Alþjóðaskrifstofu Rauða krossins.
- 

Fjölskylduhjálpi Íslands, styrktaraðili.



Sjóminjasafnið, einn helsti styrktaraðili þess.
- 

Gölsamband Íslands, aðalstyrktaraðili gölfs á Íslandi.



Skátasamband Íslands, styrktaraðili.
- 

Eimskip hefur gefið öllum grunnskólabörnum reiðhjálma síðan árið 2004.



Skógrækt ríkisins (starfsemin í Brynjudal).
- 

Landsbjörg, Slysavarnaskóli sjómanna, styrktaraðili.



VesturPort, einn helsti styrktaraðili.
- 

Mæðrastyrksnefnd, styrktaraðili.

HÁTÍÐLEG HEIMILIS- STEMNING

Myndirnar á þessari síðu hrepptu þrjú efstu sætin í jólamyndakeppni Fréttablaðsins. Sigurmyndin er líka á forsíðunni. Allar koma þær okkur í jólaskap.

Klukkan telur mínúturnar

Pórir Ó. Tryggvason málameistari tók þessa mynd í garðinum heima hjá sér á Akureyri í fyrravetur. Hann vann með henni jólamyndakeppnina í ár og fær að launum JBL bluetooth-hátalara, auk heiðursins sem fylgir því að eiga forsíðumynd dagsins.

1 Þetta er hús sem er úti á lóð hjá mér," segir Akureyringurinn Pórir Ó. Tryggvason málameistari spurður út í efni sigurmyndarinnar. Hann kveðst hafa smellt henni af í fyrravetur en reyndar sé búið að snjóa alveg nógu mikið fyrir norðan í haust. Myndina tók hann ekki á aðfangadagskvöld þó stemningin á henni sé jólaleg og Pórir segir algera tilviljun ráða því að klukkan sé á sjötta tímanum. Fótósjoppaði hann kannski klukkuna inn á? „Nei, nei, klukkan er þarna alltaf, fest á einn staurinn á sólpallinum en er auðvitað næstum á kafi í snjó. Ég á aðra mynd af þessu mótívi sem er tekin í myrkri. Þar var ekki búið að hreyfa við snjónum, en mér fannst fallegri birta yfir þessari“

Pórir notar myndavél af gerðinni Canon Mark 1DX og tók myndina í garðinum á tíma. Hann kveðst taka mikið af myndum og vann einmitt íþróttamyndakeppni Fréttablaðsins á síðasta sumri svo hann er sigursæll.



Náði sveinka að störfum

Ragnar Þór Ólason ljósmyndari hjá Mosfellingi hlaut 2. sætið í jólamyndakeppninni og fær gjafakort í Borgarleikhúsið að launum.

2 Mér fannst litirnir í þessari mynd svo fallegir að ég ákvað að senda hana inn," segir Ragnar Þór Ólason þegar honum er tilkynnt um verðlaunasæti í ljósmyndakeppninni. Hann kveðst hafa tekið myndina við heimili sitt, nánar tiltekið utan við svefnherbergisglugga dóttur sinnar sem heiti Brynja Rögn. „Ég náði þarna mynd af jólasveininum þegar hann var að setja mandarínu í skóinn hjá henni.“

Ragnar segir gluggann vera með stóru lausu fagi og því hægt að opna hann mikið. „Sveinki nýtir sér það og teygir handlegginn inn til hliðar, en andlitið á honum er upp við rúðuna og sería innan á henni lýsir upp skeggið. Þetta er bara jóla-jóla.“

Ljósmyndun er áhugamál hjá Ragnari. „Ég starfa sem ljósmyndari hjá Mosfellingi þannig að ég hef augun opin fyrir góðu myndefni. Ég hef líka verið mikið að mynda fyrir Aftureldingu, bæði handbolta og fótbolta. Íþróttir eru annað áhugamál mitt, þannig að þetta fer vel saman og er bara gaman.“



Beðið eftir jólunum

Guðlaugur Ottesen Karlsson sölumaður hlaut þriðja sætið í jólamyndakeppninni og hann fær gjafakort fyrir tvo í Borgarleikhúsið í verðlaun.

3 Adam Smári bíður hinn rólegasti eftir að jólin hringi inn," skrifaði Guðlaugur Ottesen sem skýringu með myndinni sem hann sendi inn í keppnina og komst í þriðja sæti. „Ég tók þessa mynd hér í stofunni heima. Adam Smári er sonur minn," útskýrir hann enn frekar þegar hringt er í hann til að óska honum til hamingju. Þegar haft er orð á að það sé aldeilis orðið jólalegt á hans heimili hlær Guðlaugur og segir konuna sína eiga heiðurinn af því.

„Konan mín er svo mikið jólabarn að það liggur við að hún byrji að skreyta jólatréð í nóvember," segir hann.

Guðlaugur á stóra Nikon-myndavél sem hann segir mjög góða enda noti hann hana óspart, meðal annars á siglingu um sundin blá hér í nágrenni Reykjavíkur því hann starfi bæði á Viðeyjarferjunni og hvalaskoðunarbáti.

Eitt er víst að biðin eftir jólunum hefur styst að mun hjá Adam Smára, eftir að myndin var tekin.

Opið til kl. 15 í dag
Gleðilega hátíð

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig



FORRÉTTUR

*Hvitlauksbakaðir
humarhalar*

í bjórkrydduðum rjóma

FYRIR 4

16 humarhalar
300 g smjör
2-3 hvítlaugsgeirar

20 g steinselja (*fersk*)
Salt
Pipar

Kljúfið humarhalana og hreinsið undir köldu vatni. Leggið halana á bökunarplötu með smjörpappír á. Bræðið smjórið í potti, bætið smátt söxuðum hvítlauk út í og látið standa í kæli í 1 klst. Hrærið þá smjórið upp og setjið u.þ.b. eina teskeið á hvern humar ásamt salti og pipar eftir smekk. Bakið í 8-10 mínútur við 180 °C.

BJÓRKRYDDAÐUR RJÓMI

500 ml rjómi
1 hvítlaugsgeiri
2-3 msk. kjótkraftur (*eftir smekk*)
2 greinar garðablóðberg (*ferskt*)
1 grein rósarín
1 tsk. smjör
1-2 dl Tuborg bjór

Bræðið smjórið í potti og bætið hvítlauk, rósarín, garðablóðbergi út í og steikið í 1 mín. Bætið þá rjóma og krafti saman við og látið krauma við lágan hita í 1½-2 klst. Bætið bjórnum út í alveg í lokin.



ÞALRÉTTUR

*Nóatúns
hamborgarhryggur
með rjómalagaðri þúrtvínssveppasósu*

FYRIR 6

1 Nóatúns hamborgarhryggur (*u.þ.b. 3 kg*)
2 dósir tómatsósa (*litlar*)
1 malt í gleri (*330 ml*)
1 appelsín í gleri (*330 ml*)

GLJÁI

250 g þúðursykur
125 g tómatsósa
125 g sætt sinnep
375 ml rauðvín (*eða rauðvínssedik*)

Allt sett í pott og látið krauma í um 5 mín. Hryggurinn penslaður og settur í ofn á 180 °C í um það bil 20-25 mín.

RJÓMALÖGUD ÞÚRTVÍNSSVEPPASÓSA

300 g sveppir
50 g smjör
2 greinar garðablóðberg (*ferskt*)
200 ml þúrtvín
500 ml rjómi
Sveppakraftur
Salt og pipar

Skerið sveppina gróft niður í pott og brúnið í smjörinu ásamt blóðberginu, salti og pipar í 4 mín. Hellið þá þúrtvíni út í og látið sjóða niður um helming. Gott er að setja 1-2 msk. af sveppakrafti út í eða eftir smekk. Bætið þá rúmlega 500 ml af vatni saman við og látið sjóða í um 30 mín. Bætið þá rjóma við og látið suðu koma upp. Gott er að bragðbæta með kjótkrafti og sveppakrafti. Þykkið með smjörbollu eða maizena mjóli.



JÓLA-SERVÍETTUR
399
KR./PK.



KUBBAKERTI,
STÓRT
399
KR./STK.



EGILS
APPELSÍN
Í GLERI
139
KR./STK.



EGILS
MALT
Í GLERI
179
KR./STK.



NÓA KONFEKT,
800 G
6598
KR./PK.



KJÖRIS
JÓLAIS,
1L
593
KR./STK.

LJÚFFENGIR
EFTIRRÉTTIR!

MJÓLKA
HÁTÍÐAR-
SKYRTERTA
998
KR./STK.



Opið til
miðnættis
alla daga

8.24

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Hringbraut - Austurver - Grafarholt



MANNI/HALLDÓR BALDURSSON

Tófan

Jólasaga eftir Júlíus Valsson

Pað var aðfangadagur jóla og komið fram yfir hádegi. Þórður sat teinréttur og grafkyrr á litlum koll í eldhúsinu og starði svipbrigðalaus út um gluggann. Túnin voru þakin þykku snjóteppi og vindurinn hafði feykt snjónum í skafla við útihúsin svo þau risu eins og dökkar eyjar upp úr snjóbreyðunni. Þykkur snjórammi með klakahröngli hafði myndast utan um eldhúsgluggann svo þverrandi dagskíman náði vart að þrengja sér inn um hann. Frá útvarpinu barst lágur klíður. Þulurinn var að lesa jólakveðjur til landsmanna og inn á milli voru spiluð jólalög.

— Bölvað ónæði er alltaf af þessum Jesúmönnum. Þórður dæsti. Hann teygði sig í tóbaksdósir á borðinu, drap á lokið, opnaði þær með hægri hreyfingu og setti góðan slurk af neftóbaki á handarbakið. Hann leit aftur um stund út um gluggann áður en hann sogaði tóbakið með áfergju upp í nasirnar til skiptis. Slatti af því hafnaði í grásprengru skegginu en hluti af því á gólfjölunum. Það var tekið að skyggja og hann sá andlit sitt endurspeglast í rúðunni í upplýstu eldhúsinu.

— Mikið er karlinn orðinn þreytulegur, tautaði hann fyrir munni sér.

— Það er vegna þess að karlinn hugsar of mikið um tófuræksnið, sagði Ásta eiginkona hans um leið og hún kom inn í eldhúsið og setti á sig rauða jólasvuntu.

— Hættu nú þessari störu út um gluggann og hjálpaðu mér heldur við að setja upp hangikjötið. Láttu tófuna í friði rétt á meðan. Það eru að koma jól.

— Á ég þá að láta varginn éta

upp allan bústofninn? spurði Þórður án þess að líta upp. Allar rollurnar með tölu og hænurnar með? Hvers kyns búmennska er það eiginlega? Ég bara spyr?

— Tófan er bara að reyna að bjarga sér, svaraði Ásta annars hugar. Suðan var að koma upp í pottinum og daufan ilm af taðreyktu hangikjöti lagði um bæinn. Þórður hristi höfuðið og hét áfram að stara út um gluggann.

— Það er ekki eðlilegt hve tófan er orðin nærgöngul upp á síðkastíð. Ég rakti spörin í kring um hlöðuna og alveg að hænsnakofanum. Það vantar bara að hún laumi sér alla leiðina inn í fjárhúsin, helvítis vargurinn að tarna.

Þórður stóð upp og klæddi sig í lopapeysu.

— Ætlarðu ekki að hjálpa mér með hangikétið Þórður minn? spurði Ásta. Það þarf líka að fara að leggja á borðið. Krakkarnir fara bráðum að koma.

— Ég sætla aðeins að ganga suður fyrir húsin áður en það dimmir alveg, svaraði Þórður.

— Vertu ekki lengi. Það fer bráðum að verða heilagt, sagði Ásta.

Á leiðinni út úr bænum kom Þórður við í geymslunni, klæddi sig í kuldaúlpu, tók stóran veiðiriffil með sjónauka ofan af hillu fyrir ofan dyrnar og stakk nokkrum skotum í úlpuvasann. Svo gekk hann í áttina að hlöðunni. Veðrið var stillt og hann andaði að sér ísköldu heimskaufloftinu. Það var alltaf sérstök vetrarlykt af frostinu. Hann skimaði vandlega í kringum sig er hann óð hnédjúpa skaflana. Illviðrið undanfarna daga hafði útmáð öll spor eftir tófuna. Það var merkilegt hvað hún var orðin frökk. Eflaust var lítið

um fugl og aðra brád í fjallinu í þessari ótið og því sótti hún til byggða. En Þórður ætlaði ekki að fórna sínum skepnum fyrir tófuræksnið. Bóndinn yrði stöðugt að standa vörð um húsdýrin og þótt tófan ætti sinn tilverurétt í náttúrunni þá væri sá réttur ekki á ábyrgð bóndans.

Þórður hafði aldrei getað skilið þá menn sem héldu því fram í fúlustu alvöru, að sauðkindin hefði frá upphafi gert íslensku þjóðinni meiri bölvun en refurinn og bandormurinn til samans.

Það var erfitt að opna hlöðudyrnar því fokið hafði í stóran snjóskafli fyrir framan þær og það tók Þórð talsverðan tíma að moka snjóinn frá henni. Hann kom sér fyrir í enda hlöðunnar þar sem var lítið útskot með gluggaboru. Hann opnaði gluggann varlega, setti skot í riffilinn og stakk hlaupinu út um gluggann. Hann stillti skerpu sjónaukans og beið svo átekta.

Hann kæmist ekki í jólaskap fyrr en hann vissi að hann hefði náð tófunni. Fyrr yrði hann ekki í rónni, því hann vildi vita af sauðfénu og fuglunum öruggum yfir jólin. Þrátt fyrir lognið, andaði köldu inn um gluggann, svo hann hneppti að sér úlpunni og setti á sig hanska. Hann vissi að Ásta var farin að bíða eftir honum en hún yrði bara að bíða enn um sinn.

Hann athugaði umhverfið vandlega í gegnum sjónaukann en hvergi var neina hreyfingu að sjá. Tófan var helst á ferð í ljósaskiptunum og í myrkri. Þórður hafði reynt að egna fyrir hana með dauðfyfli af gömlum sauð, en hún hafði ekki litið við því. Hún var of klók, bannsett tófan. Hann skyldi þó sjá við henni. Hún átti ekki von á fyrirsát í lognmollunni þegar enginn sála var á ferð.

Skyndilega sá hann einhverja hreyfingu út undan sér. Gat það verið tófan? Hann hallaði sér fram á gluggakarminn og mundaði byssuna í áttina að staðnum þar sem honum hafði sýnst hann sjá hreyfinguna. Tunglið var komið upp og tunglsljósið sindraði á hjarninu. Það fór ekki milli mála. Þarna var lágfóta að læðast á milli þúfna. Hann lokaði byssulásnum og tók öryggið af. Nú voru dagar hennar taldir. Nú gæti hann haldið jól án þess að hafa áhyggjur af skepnunum.

Hann beið rólegur eftir því að tófan kæmi í skotfæri. Hún var enn eitthvað að bardúsa á bak við lágan hól. Þórður beið rólegur. Honum lá ekkert á. Hann hafði áður legið á greni, oft í einn til tvo sólarhringa í senn. Hann gat því beðið en skotið mátti ekki geiga í þetta sinn. Hann fylgdist spennur með tófunni sem var enn talsverðan spöl frá honum en hún þokaðist smám saman nær. Það var þó engu líkara en hún skynjaði nærveru hans í hlöðunni. Hún kæmist ekki að fjárhúsunum eða hænsnakofanum án þess að fara fyrst fram hjá hlöðunni.

Þórður fann að hjarta hans sló hraðar og hann svitnaði í lófnum þrátt fyrir kuldann. Tófan þokaðist enn nær og hann sá í sjónaukanum að hún hélt á einhverju í kjaftinum. Þórður sá sér til undrunar að þetta var dauðrjúpa, nýdaudur alhvítur karri. Þetta var undarlegt. Hvern fjandann var tófan að þvælast með brád sína inn á milli húsa? Var hún engin af göflunum? Hafði illviðrið undanfarna daga ruglað hana í ríminu? Þórður lagði vísi-fingurinn varlega á gíkkinn.

→ Illviðrið undanfarna daga hafði útmáð öll spor eftir tófuna. Það var merkilegt hvað hún var orðin frökk. Eflaust var lítið um fugl og aðra brád í fjallinu í þessari ótið og því sótti hún til byggða. En Þórður ætlaði ekki að fórna sínum skepnum fyrir tófuræksnið.

Tófan var nú komin í skotfæri. Kúlan, sem var með holum oddi myndi tæta hana í sundur, hreinlega sprengja hana í loft upp og hann fengi nýveidda rjúpu í kaupbæti, tilvalda í jólamatinn. Þórður kreisti gíkkinn varlega. Hann gjörþekkti gamla Sako-riffilinn sinn og vissi nákvæmlega hvenær skotið myndi ríða af.

Hann sá að tófan stóð enn hreyfingarlaus og virtist horfa beint á hann þefandi út í loftið með sperrt eyrun. Hann yrði að hafa hraðan á til að missa hana ekki úr skotlínu. Rétt í þann mund fann hann fyrir einhverri hreyfingu við fætur sér. Hvað var fjandans kötturinn að þvælast fyrir honum núna? Eftir að Seppi, gamli hundurinn hans dó, óðu þessir kettir stjórnlást um allt. Seppi hefði svo sannarlega haldið tófunni frá bænum, það eitt var víst.

Tófan stóð enn hreyfingarlaus í sömu sporum eins og hún væri að bíða eftir einhverju. Þá fann Þórður aftur eitthvað strjúkast við fætur sér. Hann bölvaði og sparkaði í heyið með stígvélinu. Þá heyrði hann ámátlegt væl.

Hann leit niður og sá þrjá nýfædda yrðlinga sem lágu í einum hnapp í litlu bæli í heyinu. Þórður horfði undrandi á tófuna og yrðlingana til skiptis. Hann andvarpaði og horfði eftir gufustróknum frá heitum andardrætti sínum liðast hægt upp í kalt loftið og leysast upp. Himinninn var stjórnuþjartur en sumar stjórnuurnar voru bjartari en aðrar.

Hann opnaði lásinn á byssunni, tók skotið og stakk því í vasann. Hann lokaði glugganum. Í fjarska heyrðist ómurinn frá kirkjuklukkunni innar í dalnum sem var að hringja inn jólin. Það var orðið heilagt.

Við óskum öllum öruggra jóla

– og stöndum vaktina fyrir þig

Undanfarin ár hafa verið mjög viðburðarík hjá björgunarsveitunum. Mörg stór verkefni hafa kallað á mikinn mannskap: Erfiðar leitir á jöklum, sjóbjarganir, útköll vegna óveðurs, viðamikil aðstoð við að bjarga fé úr fönn – svo fátt eitt sé talið. Mörg hundruð sjálfboðaliðar hafa margoft komið samborgurum sínum til hjálpar, oft við erfiðar og hættulegar aðstæður.

Yfir hátíðarnar verðum við með á fjórða þúsund manns til taks, dag og nótt – þín vegna.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

| Gleðileg jól!

SUMIR VILJA FISK Á SINN JÓLADISK

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Kjötneysla er mikil hjá innfæddum Íslendingum yfir jólahátíðina og fiskur sem aðalréttur á aðfangadagskvöld heyrir til undantekninga. Þó eru þeir til sem hafa sett fisk í það hefðarsæti og einn þeirra er Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxa. Erlendis eru aðrir siðir en við eigum að venjast og í Skandinavíu telst lútfiskur til hátíðarmatar, meðal annars á jólum, innan um aðra rétti. Matilda Gregersdotter markþjálfari veit allt um lútfiskinn og meðlæti með honum.

Dýrindis veisla á aðfangadagskvöld

Saltfiskur er með merkilegri fiski að mati Orra Vigfússonar og því er sú matartegund alltaf á borðum hjá honum á aðfangadagskvöld. Þannig hefur það verið í sextíu og fjögur ár.

Ég borða náttúrulega saltfisk,“ svarar Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxa, eins og ekkert sé sjálfsagðara, inntur eftir hvað hann borðar á aðfangadagskvöld. Hann segir saltfiskát á jölunum síð frá æskuheimilinu á Siglufirði.

Faðir minn var síldarsaltandi en það var þannig að 1948 þá veiddist engin síld. Pabbi var með fullt af fólki í vinnu sem hann þurfti að borga laun þó engin væri síldin og hann sá fram á að tapa öllu sínu. Þá hafði hann samband við norska línuveiðara sem voru undan Norðurlandi og samdi við þá um að kaupa af þeim þorsk. Þeir stímdu til hafnar og lönduðu fiskinum og allt var sett í gang til að gera verðmæti úr honum, hann var fluttur, saltaður og sólpurrkaður og allir fengu nóg að gera. Ég var sjö ára patti og var alltaf að sniglast í kring um þessa starfsemi. Saltfiskurinn bjargaði efnahaginum og þá var ákveðið, í virðingarskyni við þennan merkilega fisk, að borða hann á jölunum. Það hefur verið gert allar götur síðan hjá foreldrum mínum og hjá mér. Við höfum alltaf reynt að fá sólpurrkaðan fisk. Á seinni árum hefur vinafólk okkar í Grímsey séð um að útvega okkur hann. Við erum tengd Grímsey og höfum gaman af að borða fisk þaðan.“

Spurður hvort hann búist við að næstu kynslóðir á eftir muni við-

halda síðnum svarar Orri: „Ég á tvö börn og þau eru nú ekkert alltof hrifin, ég verð að viðurkenna það, en borða fiskinn samt. Það er boðið upp á franska gæsaliður og humar á undan en aðalrétturinn er saltfiskur og meðan ég lifi verður því ekki breytt. Konan hefur aðeins verið að skreyta matinn, svo hann sé ekki alveg eins og á laugardögum í gamla daga.“

Orri segir Íslending búsettan í Bandaríkjunum hafa hringt í sig út af þessum saltfisksið. „Hann hafði einhvers staðar lesið að ég borðaði saltfisk á jölunum og var bara að láta mig vita að hann gerði það líka þannig að ég væri ekki einn í heiminum. Þessi maður átti ítalska konu.“

Heima hjá Orra er saltfiskurinn soðinn á venjulegan hátt.

„Þetta er dýrindis veisla á aðfangadagskvöld og það er fyrir löngu búið að velja fín stykki í matinn. Ég vil hafa fiskinn frekar vel útvatnaðan en konan frekar vel saltan, svo við verðum að velja okkur aðeins misþykka bita.“

Svo höfum við bara rauðar íslenskar og rófur með og hangiflot út á, því við sjóðum alltaf hangikjötið á Þorláksmessu og fleytum ofan af. Okkur finnst þetta rosalega gott og svo getum við hámað í okkur alls konar góðgæti á eftir.“



MEÐ JÓLAMATINN Unnur og Margrét Huldudætur voru í heimsókn hjá afa sínum þegar ljósmyndarann bar að.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



MATILDA Lútfiskurinn var ekki bara borðaður á jölunum í Svíþjóð heldur á öðrum hátíðum líka, eins og páskaum og miðsumri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jólabragðið kemur með kryddpipar

Lútfiskur var jafnan á borðum á jólum hjá Matildu Gregersdotter í uppveixinum, ásamt saltaðri skinku og öðru sænsku góðmeti. Hún átti þá heima í nágrenni Stokkhólms en er ættuð úr Dölnum.

Lútfiskur er einn af mörgum jóla- réttum sem hefð er fyrir að borða bæði í Noregi og Svíþjóð. Matilda Gregersdotter, markþjálfari og skipuleggjandi árlegrar Lúsíuhátíðar á Íslandi, er uppalin við þá hefð í sínu gamla heimalandi, Svíþjóð, en breyting varð á því þegar hún flutti hingað til lands. Þegar hún er spurð hvernig lútfiskur sé finnst henni vissara að hringja í mömmu sína, áður en hún svarar því, til að hressa upp á minnið. Svo koma upplýsingarnar.

„Í dag eru ekki margir sem búa til lútfisk sjálfir, heldur kaupa hann í lofttæmdum umbúðum. En í gamla daga var þessi verkunaraðferð fundin upp til að auka geymsluþol fisks. Þá var notaður alls konar fiskur en nú er það aðallega langa sem boðið er upp á,“ segir hún og svo kemur lýsingin.

„Það er byrjað á að þurrka fiskinn og til að mýkja hann upp er hann lagður í lút svona hálfum mánuði fyrir jól, oft um Lúsíudaginn sem er 13. desember. Lúturinn er búinn þannig til að natriumkarbónat (matarsóði) og kalsíníhýdroxíð, sem er einhvers konar kalk, er sett í vatn. Þegar svona fjórir dagar eru til jóla er fiskurinn tekinn

úr lútnum og lagður í bleyti í hreint vatn til að ná lútnum úr og er skipt á honum nokkrum sinnum á dag því ef hann er ekki vel útvatnaður verður hann gegnsær og ekki góður. Hann er síðan soðinn og best er að gufusjóða hann í ofni.“

Matilda segir aðra áferð á lútfiskinum en venjulegri löngu, hann sé örlítið glærari og hlaupkenndari.

Í Dölnum, þaðan sem Matilda er ættuð, segir hún lútfisk borðaðan með hvítri sósu, eins og uppstúfi sem við borðum með hangikjöti. „Aðalbragðið er af kryddpipar, sem ber keim af kanil, negul og múskaði og er malaður yfir hvítu sósunu á dískinum. Svo eru borðaðar kartöflur með, brætt smjör og grænar ertur, ekki úr dós.“

Hún segir hefðirnar misjafnar eftir landslutum í Svíþjóð og Noregi. „Á Skáni er sett sinnep út í sósunu en það hef ég aldrei prófað. Það er líka misjafnt hvar í röð

jólaréttanna lútfiskurinn er borðaður. Við borðum hann oftast á undan kjötinu en sumir telja gott að innbyrða hann síðast því hann sé svo léttur. Lúturinn er líka basískur og hjálpar til við meltinguna.“



Gleotileg jól

Alcoa Fjarðaál óskar öllum Austfirðingum gleði og friðar um hátíðarnar og þakkar samskiptin á árinu sem er að líða.



Hressandi leiðangur í Eyjólfsstaðaskóg á Héraði er fullkomin byrjun á jólahaldi Aðalheiðar og Óskars, starfsmanna Fjarðaáls, og drengjanna þeirra. Saman njóta þau þess að geta valið sér jólatré úr skóginum og kunna vel að meta alla þá kosti sem gefast á hollri og góðri útivist á Austurlandi.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



AFGREIÐSLUTÍMAR UM HÁTÍÐIRNAR

LÆKNISÞJÓNUSTA NEYÐARLÍNA RAUÐI KROSSINN KVENNAATHVARF

Slysa- og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi
Opin allan sólarhringinn alla daga.
Aðalsímanúmer 543-1000
Beint innval við Hringbraut 543-2050.
Beint innval á slysadeild í Fossvogi 543-2000. Sinnir neyðartilvikum.

Læknavakt heilsugæslunnar
Opin 9-23.30 alla frídaga.
Vitjanasími 1770 (opin allan sólarhringinn alla daga)
Vitjunum er sinnt frá **8-23.30** um helgar og hátíðisdaga.

Neyðarlínan
Neyðarsími Neyðarlínunnar **112** er opin allan sólarhringinn yfir hátíðirnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

Rauði krossinn
1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður opin yfir alla jólahátíðina.

Stígamót
Hjá Stígamótum er lokað yfir hátíðirnar og milli jóla og nýárs. **Kristínarhús**, búsetuúrræði Stígamóta, er þó opið og þar verða sjálfbóðaliðar á vakt og fagaðilar úr hópi starfskvenna á bakvakt. **Sími Kristínarhúsi 546-3000.**

Kvennaathvarfið
Opið allan sólarhringinn, alla daga.
Símanúmer 561-1205.

SÁÁ
Göngudeild í Efstaleiti 7 er **opin 9-12** á aðfangadag en á jóladag og annan í jólum er lokað.
Símanúmer 530-7600
Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

Tannlæknar
Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysa- og bráðamóttöku þegar um alvarleg slys er að ræða. Tannlæknar skiptast þó á um að hafa stofur sínar opnar yfir

hátíðirnar og skiptist það sem hér segir:

Aðfangadagur
Opið hjá Birgi Péturssyni 8-12.
Jóladagur
Opið hjá Ragnari Árnasyni 10-12.
Annar í jólum Opið hjá Sigríði Sólveigu Ólafsdóttur 10-12.
Fimmtudagur 27. desember Opið á stofu Hrafnhildar E. Skúladóttur 10-12.
Föstudagur 28. desember
Opið á hjá Sonju Rut Jónsdóttur 10-12.
Laugardagur 29. desember Opið hjá Steinunni Dóru Harðardóttur 10-12.
Sunnudagur 30. desember
Opið hjá Sveinbirni Jakobssyni 10-12.

APÓTEK

Lyfja
Aðfangadagur
Opið 8-18 Afgreiðslustaðir Lyfju Lág múla og á Smáratorgi.
Opið 10-13 Smáralind.
Opið 10-12 Blönduós, Borgarnes, Eskifjörður, Grindavík, Húsavík, Hvamms-tangi, Ísafjörður, Neskaupstaður, Patreksfjörður og Seyðisfjörður.
Opið 11-12 Reyðarfjörður.
Kl. 9-12 Egilsstaðir, Höfn, Keflavík,

Laugavegur, Sauðarkrúkur og Selfoss. Aðrir staðir verða lokaðir.
Jóladagur
Opið 10-01 Lyfja, Lág múla.
Opið 9-24 Lyfja, Smáratorgi.
Lokað í öðrum afgreiðslustöðvum Lyfju.
Annar í jólum
Opið 8-01 Lyfja, Lág múla.
Opið 8-24 Lyfja, Smáratorgi.
Opið 12-16 Lyfja, Keflavík. Lokað á öðrum afgreiðslustöðvum Lyfju um allt land.

Árbæjarapótek
Aðfangadagur Opið 9-12.
Lokað á jóladag og annan í jólum.

Lyfjaval
Aðfangadagur
Opið 9-12 Lyfjaval, Álftamýri.
Opið 9-12 Lyfjaval, Mjódd.
Lokað á jóladag og annan í jólum á báðum stöðum.

Lyfjaver
Aðfangadagur Opið 10-12.
Jóladagur Lokað.
Annar í jólum Lokað.

Bílaapótekið
Aðfangadagur Opið 10-14.
Jóladagur Lokað.
Annar í jólum Lokað.

SAMGÖNGUR SUNDLAUGAR STÓRMARKAÐIR SÖFN

SAMGÖNGUR
Porláksmessa Strætó ekur eftir hefðbundinni áætlun.
Aðfangadagur Ekið skv. laugardags-áætlun til kl. 14.
Jóladagur Enginn akstur.
Annar í jólum Akstur samkvæmt sunnudagsáætlun. Nánari upplýsingar um síðustu ferðir er að finna á straeto.is.

SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
Aðfangadagur
Opið 8-12.30 Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöllin og Vesturbæjarlaug.
Opið 8-12 Lágafellslaug og Sundlaugin Versöllum.
Opið 6.30-11 Ásvallalaug, Sundhöll Hafnarfjarðar og Suðurbæjarlaug.

Opið 6.30-12 Seltjarnarneslaug
Opið 10-12.30 Klébergslaug.
Jóladagur Lokað í sundlaugum ÍTR.
Annar í jólum
Opið kl. 9-16 Lágafellslaug.
Opið 12-18 Laugardalslaug.
Lokað í öllum öðrum laugum.

STÓRMARKAÐIR

Hagkaup
Aðfangadagur Opið til 16 Verslanir Hagkaupa í Smáralind, Skeifunni, Garðabæ og Eiðistorgi.
Opið 9-14 Aðrar verslanir Hagkaupa.
Jóladagur Allar verslanir eru lokaðar.
Annar í jólum Opnað kl. 11 í verslunum í Skeifunni, Garðabæ og Eiðistorgi. Aðrar verslanir eru lokaðar.

Nóatún
Aðfangadagur Opið 8-15.
Jóladagur Allar verslanir eru lokaðar.
Annar í jólum Verslanir opna kl. 11.

10-11
Aðfangadagur Allar verslanir opnar til 17.
Jóladagur Allar lokaðar til miðnætis á jóladag nema á Akureyri, opnað klukkan 8 að morgni annars í jólum.

Bónus
Aðfangadagur Opið 10-14.
Jóladagur Lokað.
Annar í jólum Lokað.

Krónan
Aðfangadagur Opið 9-13.
Jóladagur Lokað.
Annar í jólum Lokað.

SÖFN
Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni.
Aðfangadagur Lokað.
Jóladagur Lokað.
Annar í jólum Opið 13-17.

Listasafn Íslands
Lokað til 28. desember.
Þjóðminjasafn Íslands
Aðfangadagur
Opið kl. 11-12 fyrir jólasveininn.
Jóladagur Lokað.
Annar í jólum
Venjuleg opnun kl. 11-17.

Hafnarborg
Aðfangadagur Lokað.
Jóladagur Lokað.
Annar í jólum Opið kl. 12-17.

23rd IHF MEN'S
WORLD CHAMPIONSHIP
HANDBALL
2013

SPORT HD

VIÐ TRÚUM Á SIGUR
HM Í HANDBOLTA
Í LEIFTRANDI HÁSKERPU
HEFST 11. JANÚAR

ÞORSTEINN J. OG GESTIR

Þorsteinn J. sér um upphitun fyrir leiki og stýrir ítarlegri umfjöllun eftir leiki ásamt handboltasérfræðingum og góðum gestum.

vís Arion banki VALITOR ICELANDAIR

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




GLEÐILEG JÓL

Mörgum finnst jólin ganga í garð þegar jólaguðspjónustan hefst í útvarpinu klukkan sex á aðfangadag. Útvarpað verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík þar sem séra Hjálmar Jónsson predikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.

Gleðileg Jól



allan ársins hring...weber.is



ÞAKKLÁTUR LÍFINU

BOÐAR KOMU JÓLA Sigvaldi Júlíusson, útvarpsþulur á Rás 1, átti að vera á vakt á aðfangadagskvöld í fyrra þegar örlögin gripu grimmilega í taumana.

Sigvaldi hafði verið með beinverki og fundið fyrir verk á milli herðablaða síðustu vikuna fyrir jól.

„Í móðurættinni er mikið hjartavesen og mamma hvatti mig til að leita læknis. Ég ætlaði að hrista þetta af mér og tengdi verkinn ekki við hjartað því hann leiddi ekki út í handlegg,“ segir Sigvaldi sem fyrir röð tilviljana hrósaði sönnu lífshappi á vetrarsólstöðum fyrir ári.

„Ég hafði nýlokið við að pakka inn jólagjöfum þegar Ásgerður Þórisdóttir, vinkona mín og hjúkrunarfræðingur, hringdi og spurði hvernig ég hefði það. Hún tók af mér loforð um að láta tékka á mér í hjartagátt Landspítalans þegar ég sagðist daufur og lýsti fyrir henni verkjunum.“ Minnugur loforðsins og með fullan bíl af jólagjöfum ákvað Sigvaldi að koma við á spítalanum.

„Þar tilkynntu læknar mér að ég væri með kransæðastíflu og þyrfti í hjarta-

þræðingu hið fyrsta. Ég stakk upp á að ég kæmi þá inn á milli jóla og nýárs,“ segir Sigvaldi, sem uppskar mikinn hlátur læknanna þegar hann stakk líka upp á að ljúka við að koma út jólagjöfunum. „Daginn eftir gekkst ég undir þræðingu og fékk að fara heim á aðfangadag enda í góðu formi og ljónheppinn að sleppa við hjartaskemmd. Ég hef stundum grínast með að mánuði áður var ég aleinn á rjúpu norður í landi og þrílandi upp um fjöll og firnindi. Hefði ég fengið áfall þar væri ég ekki til frásagnar,“ segir Sigvaldi þakklátur almættinu.

„Ég lít lífið nú öðrum augum og af meira æðruleysi, er duglegur að trimma og hef minnkað skammtana þótt ég sé mikill nautnamaður í mat.“ Í kvöld gegnir Sigvaldi ábyrgðarhlutverki þegar hann tilkynnir þjóðinni að jólin séu loks komin á undan aftansöng.

■ thordis@365.is

BOÐAR KOMU JÓLA Sigvaldi hefur í 25 ár lesið jólakveðjur í útvarpinu og oftsinnis verið á vaktinni á aðfangadagskvöld. Í ár eru 80 ár síðan lestur jólakveðja hófst í útvarpinu og nú í fyrsta sinn hófst lesturinn að kvöldi 22. desember. MYND/GVA

Vissir þú að...
BÖRN EIGA RÉTT Á
VERND GEGN OFBELDI?



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



KEEPING UP WITH THE KARDASHIANS

! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Hafðu það gott um jólin!

Þú færð jólagjöfina hjá okkur
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.

20%
afsláttur

Jólagjöfn í ár
Hágæða sængurverasett
og sloppar - Mikis úrval

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

BÍLAR & FARARTÆKI



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>



CHEVROLET Tahoe 4x4. Árg 1999, ek 71 P.MÍLUR, bensín, sjálfsk, leður, góð dekk ofl, BÍLL í góðu standi, Ásett verð 790.000. Rnr.142134. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

HJÓLASTILLING FYRIR FÓLKSBÍLA, JEPPIA & JEPPLINGA

Tryggðu öryggi þitt og endingu hjólbarda og hjólabúnaðar.



HELLUHRAUNI, hf | S. 565 2121



LÍTIL ÚTBORGUNN !!!!

Toyota yaris 2004 ek. 135 þús. km 1000 cc 5 dyra bílalan 610 þús. 24 á mánuði verð 750 þús. sími 6914441.



100% VISA/EURO LÁN

Opel vectra stw 1998 ek. 203 þús. km sjálfskiptur verð 290 þús. sími 6914441.



JÓLA JÓLA TILBOÐ

Ford fiesta 1.4 2004 ek. 101 þús. km ný tímareim 5 dyra 5 gir Verð 750.000.- Tilboð 550.000.- Möguleiki á 100% láni sími 6914441.

500P. KR. AFSLÁTTUR

Grand Cherokee limited 5,7 HEMI 4x4, abs, sólluga, sjálfskiptur, leður, ný dekk, eins og nýr, tilboð kr. 1190p. strgr. S: 899 7909.

Sendibílar



KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta.
Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta.
www.keyrsla.is S:820-3880



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Varahlutir



Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Octavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girrkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrífs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

SMÁPARTAR.IS

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. '97 til '02, Skoda Octavia árg. '00 til '07, Honda CR-V árg. '05-W Polo '07, Passat '01, Suzuki Baleno árg. '00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Hjólbarda



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ TIL JÓLA

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Viðgerðir

ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!

Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

Þjónusta



Dáleiðsla • Gjafakort

Fá betri svefn, hætta að reykja, léttast/þyngjast eða láta sér líða betur á morgun annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslutæknir.

Tímabantanir í síma 864 2627 & bernhoff@gmail.com

Óskum landsmönnum leðilegra jóla!

ARCTIC TRUCKS.
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Kletthálsi 3 • 110 Rvk
S. 540 4900

Ahlíða S. 866 9767
garðþjónusta
Garðþjónusta Íslands ehf
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 • 110 Rvk • S. 586 1414
www.stora.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

568 5000
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

JS LJÓSAMÍÐJAN
Skemmuveg 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
www.velaverkfs.is

ishúsið
Ishúsið ehf • www.ishusid.is • S:566 6000
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

BROTAFI
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
S. 894 8040 • 894 8044
brotafi@simnet.is

SMUR - BÓN OG DEKKJAPJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 - S. 562 6066
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

VIÐHÖLD
fasteignaviðgerðir
S. 567 6699 • www.vidhald.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2 - 110 RVK • 587 2000
www.toppbilar.is

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
BÍLAHÖLLIN
Bílahöllin • Bíldshöfða 5 • 112 Rvk • S. 567 4949 • www.bilahollin.is

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
ÁSAFL EHF
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfirði
Sími: 562-3833 - Gsm: 863-5512
asaf@asaf.is • www.asaf.is

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
nyja.is

LITLA www.litla.is 587 7777
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

KRÓKUR
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
www.krokur.net - Sími 522-4600.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
SKEMMUVEGUR 2 • KÓPAVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

BÍLASPRAUTUN OG RETTINGAR AUDUNS
Nýbylavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilaspauptun.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864 4188
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
www.fjardarbolstrun.is

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn Þvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Gardyrkja



Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 862 6653. Irena

Húsviðhald



Hurðir & Gluggar
www.hurdiroggluggar.is
Kaplahauni 17 - Hafnarfirði
S: 565 4123 • eljo@internet.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:

- múrviðgerðir • þakviðgerðir
- málningarvinnu • trésmiðavinnu • pípulagnir • raflagnir
- flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.

- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð.
- kristjan@vidhald.is

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Kjarnagluggar

Seihellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

Ekkert viðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Tölvur

APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIBILL

- SPÁ Í SPIL
- OG KRISTALSKÚLU
- HEILUNAR TÍMAR
- FYRIRBÆNIR
- ALGJÖR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525
www.engill.is

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu



JÓLASENDINGIN ER KOMIN
Úrval af Fjarstýrðum Pylum, Bílum, Módelum, Skyjaluktum, Skotveiðivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is

Óskast keypt

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupí gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvisun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Upplýsingar í síma 661 7000.

HÍÓLBARDA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Gylfafiöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468

Rafstilling ehf

Dugguvogi 23 • S. 581 4991 • rafstilling@rafstilling.is

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Fjórhjólalagerinn • www.4h.is

Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Ásborg

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Smíðjuvegur 11 Gul gata Kópavogi sími 564 1212

VeiRás

Sími 555 6670 • www.veiras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

BÍLA KAUP
S: 977.1111
bilakaup.com

Bilakaup • Korputorgi • 112 RVK • S. 577 1111 • www.bilakaup.com

KVARNIR Akralind 8
Sími 564 6070
www.kvarnir.is

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

HEIMSBÍLAR

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Klettháls 2 - 110 RVK - 567 4000 - www.heimsbilar.is

Hreinir Gardar
TRÁTT OG ÖRUG LAGNINGAR

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

www.hreinirgardar.is S. 571-2000

IP VERK ehf.
BYGGINGARTELAG

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

